skoðun 16

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is
Híbýli og viðhald

Salka
KONUR EIGA ORÐIÐ 2011
Glæsileg gjöf handa öllum konum



FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Mánudagur
13. desember 2010
292. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000

Átakið Straumhvörf

Hefur hjálpað geðfötluðum út í samfélagið.

tímamót 20

Leikur útrásarvíking

Guðmundur Ingi Þorvaldsson leikur útrásarvíking í sjónvarpsþáttunum Makalaus.

fólk 38

Sigurgangan á enda

Framarar urðu fyrstir til að vinna Akureyrarliðið í vetur.

sport 34

veðrið í dag



VÍÐA BJART Í dag verða suðaustan 8-15 m/s SV-til og skýjað með köflum en annars hæg suðlæg átt og víða bjartviðri. Hiti 2-8 stig.

VEÐUR 4

GAMALDAGS GLEÐILEG JÓL Fjöldi fólks lagði leið sína á jólasýningu Árbæjarsafns í gær, en sýningin hefur notið mikilla vinsælda undanfarin ár. Síðasta jólasýning ársins verður haldin næstkomandi sunnudag og gefst þá gestum tækifæri til að fylgjast með undirbúningi jólanna eins og hann var í gamla daga. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fjöldi gæti átt bótarétt vegna vinnuslysa

Mál Íslendings fyrir EFTA-dómstólnum gæti gjörbreytt meðferð bótamála vegna vinnuslysa. ASÍ vill að tjónþolar skoði sín mál með aðstoð lögmanns.

VINNUMARKAÐUR EFTA-dómstóllinn hefur staðfest að einungis í undantekningartilfellum getur það samræmst tilskipunum Evrópusambandsins að gera starfsmann ábyrgan fyrir tjóni sem hann verður fyrir í vinnuslysi, ef fyrir liggur að vinnuveitandi hefur ekki farið að reglum um öryggi og heilsu á vinnustað.

Þýðing dómsins er að hópur Íslendinga gæti átt rétt á bótum vegna slysa þrátt fyrir að bótakröfu þeirra hafi upphaflega verið hafnað, en íslenskir dómstólar setja yfirleitt einhverja sök á tjónþola óháð aðstæðum á slysstað.

Magnús M. Norðdahl, deildarstjóri lögfræðideildar ASÍ, segir erfitt að meta hversu stór hópur kunni að eiga rétt á bótum. Bótamál séu í eðli sínu flókin og mörg þeirra séu gerð upp í samningum.

> Fyrningartíminn er nokkur ár og því ekki loku fyrir það skotið að hópur fólks eigi undirliggjandi skaðabótakröfu á ríkissjóð.
>
> **MAGNÚS M. NORÐDAHL**
> DEILDARSTJÓRI HJÁ ASÍ

Hann segir að ASÍ mæli með því að allt launafólk sem neitað hafi verið um skaðabætur láti lögmenn sína taka málin til endurskoðunar. Það eigi við þar sem upplýst hafi verið að reglur um öryggi, aðbúnað og hollustuhætti hafi verið brotnar.

Forsaga dómsins, sem féll á föstudag, er mál íslensks smiðs sem slasaðist á byggingarsvæði Smáralindar í júlí 2001. Hann hlaut af varanlegt tjón og stefndi í kjölfarið vinnuveitanda sínum til greiðslu skaðabóta. Hæstaréttur hafnaði skaðabótakröfu mannsins í desember 2005 þrátt fyrir að fyrir lægi að vinnuveitandi hefði getað tryggt öryggi starfsmanna sinna betur.

Þessari niðurstöðu hefur EFTA-dómstóllinn nú snúið við og staðfest að íslenska ríkið geti verið skaðabótaskylt vegna hans. Jafnframt staðfestir dómstóllinn að íslenska ríkið geti borið skaðabótaábyrgð gagnvart einstaklingum sem ekki hafi fengið skaðabætur vegna þess að Ísland hafi innleitt tilskipanir ESB með ófullnægjandi hætti.

Dómurinn hefur ekki þýðingu vegna vinnuslysa sem orðið hafa eftir desember 2009 en þá var skaðabótalögum breytt eftir kröfu ASÍ í kjarasamningaviðræðum.

- shá

Dreymir um íslenska hesta:

Íslenskt búfé á bandarísku býli

FÓLK Hjónin Lisa og Mark Richards hafa mikið dálæti á íslenskum dýrum. Á býli sínu, Mack-Hill í New Hampshire í Bandaríkjunum hafa þau því íslenska fjárhunda, íslenskt sauðfé og íslenskar landnámshænur á. „Bara ef ég hefði efni á íslenskum hestum," segir Lisa.

LISA RICHARDS

Mack Hill bóndabýlið er sjálfbært, en hjónin sérhæfa sig í ræktun á sjaldgæfum búfénaði. Ásamt því að selja ull framleiða þau jógúrt og osta. Þá selja þau egg undan íslensku hænunum og íslenskt lambakjöt, sem þau eru afar stolt af.

- afb / sjá síðu 38

Norðmenn undirbúa jól:

Neyðarlína fyrir klaufakokkinn

NOREGUR Upplýsingaráðið fyrir kjöt og egg, sem er ríkisrekin upplýsingaskrifstofa, hefur sett upp neyðarlínu í Noregi fyrir þá sem líklegir eru til að klúðra jólamatseldinni.

JÓLASTEIK

Í norska blaðinu Verdens Gang er sagt frá því að fyrir komandi jól verði hægt að hringja í tiltekið númer og fá góð ráð frá þessari „mömmuþjónustu landbúnaðarins" eins og Norðmenn kjósa að kalla fyrirbærið.

Helsta ástæðan er steikarskorpan á norsku jólaskinkunni sem veldur fólki kvíða, en gríðarleg áhersla er lögð á að hún sé fullkomin, rétt brúnuð og stökk.

Samkvæmt frétt blaðsins er búist við að fjöldi Norðmanna, einkum á aldrinum 25 til 39 ára, muni nýta sér þjónustuna.

- shá

JOE BOXER®
Kringlan og Smáralind

SPURNING DAGSINS



Björgvin, er þetta nokkuð trúbrot?

„Nei, en ég fékk svo gott stöff hjá lækninum að ég hef verið undir áhrifum."

Smári Guðmundsson handleggsbraut Björgvin Ívar Baldursson fyrir slysni í fótboltaleik, en þeir eru saman í hljómsveitunum Lifun og Klassart. Björgvin er barnabarn Rúnars Júlíussonar, en hljómsveit hans Trúbrot gaf meðal annars út plöturnar Lifun og Undir áhrifum.

Réðust inn í íbúð á Selfossi, ógnuðu fólki með hnífum og rændu verðmætum:

Varðhalds krafist yfir ræningjahópi

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Selfossi fór í gær fram á fjögurra vikna gæsluvarðhald yfir þremur mönnum um tvítugt sem frömdu vopnað rán í heimahúsi í bænum síðdegis á laugardag. Dómari við Héraðsdóm Suðurlands tók sér frest til klukkan fjögur í dag til að taka ákvörðun. Þangað til verða þremenningarnir í haldi lögreglu.

Mennirnir þrír réðust inn í íbúð í bænum þar sem fyrir voru fjórir menn á sama reki. Ræningjarnir voru vopnaðir hnífum og höfðu í hótunum við húsráðanda og gesti hans. Þeir höfðu síðan á brott með sér tölvur og önnur verðmæti.

Ræningjarnir voru handteknir skömmu síðar; tveir náðust á hlaupum á Selfossi og einn var stöðvaður í bíl við Rauðavatn á leið til Reykjavíkur. Þeir hafa allir komið við sögu lögreglu áður.

Lögregla óskaði í gær eftir því að þremenningarnir yrðu dæmdir í fjögurra vikna gæsluvarðhald, bæði á grundvelli rannsóknarhagsmuna og almannahagsmuna. Mennirnir voru leiddir fyrir dómara klukkan sex. - sh

LEIDDUR FYRIR DÓMARA Hér sést einn mannanna eftir að dómari hafði ákveðið að taka sér frest til að úrskurða um varðhaldið í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKÁ

Amanda Knox áfrýjar dómi:

Heldur fram sakleysi sínu

ÍTALÍA Amanda Knox hefur áfrýjað 25 ára fangelsisdómi sem hún hlaut fyrir að myrða bresku námskonuna Meredith Kercher á Ítalíu árið 2007.

Knox og Ítalinn Raffaele Sollecito voru sökuð um að hafa skipulagt morðið á Kercher í sameiningu en þau hafa bæði ávallt haldið fram sakleysi sínu. Kox hélt því meðal annars fram að lífsýni af morðvettvangi hefðu eyðilagst við rannsókn og að röng niðurstaða hefði komið út úr rannsókninni. - sm

RÁÐSTEFNUSALURINN Samkomulag náðist um stóraukin framlög til þróunarríkja. NORDICPHOTOS/AFP

Lausnin tímabundin eftir árs undirbúning

Samkomulag liggur fyrir um ráðstöfun verkefna Varnarmálastofnunar til bráðabirgða. Óvissu meðal rúmlega fimmtíu starfsmanna er eytt. Ögmundur Jónasson dómsmálaráðherra telur stjórnsýslu málsins ekki hafna yfir gagnrýni.

VARNARMÁL Ráðstöfun verkefna Varnarmálastofnunar liggur fyrir til bráðabirgða. Óvissu rúmlega fimmtíu starfsmanna er eytt með niðurstöðunni, segir formaður verkefnastjórnar. Stjórnsýslan við framkvæmd þess að leggja stofnunina niður er hins vegar harðlega gagnrýnd.

Ríkisstjórnin ákvað í lok árs 2009 að leggja niður Varnarmálastofnun frá og með næstu áramótum. Það er hins vegar fyrst núna að samkomulag liggur fyrir á milli Ögmundar Jónassonar, dóms- og mannréttindaráðherra, og Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra um ráðstöfun verkefna stofnunarinnar.

ÖGMUNDUR JÓNASSON

EYGLÓ HARÐARDÓTTIR

Öryggisvottanir og þjóðaröryggishluti stofnunarinnar færist til Ríkislögreglustjóra. Utanríkisráðuneytið heldur áfram utan um milliríkjasamskipti en önnur verkefni færast til Landhelgisgæslunnar tímabundið. Það á við um rekstur upplýsingakerfa, vöktun og eftirlit og umsjón mannvirkja. Það á að liggja fyrir 15. mars næstkomandi hvernig skipting verkefna verður til framtíðar.

Eygló Harðardóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, hefur gagnrýnt stjórnsýslu málsins. „Ég lagði til að fyrst yrði mótuð öryggisstefna fyrir Ísland og þá ákveðið hvaða verkefnum við ætlum að sinna og hvar þeim var best komið fyrir. Þá fyrst væri rætt um hvort leggja ætti niður stofnunina. Þetta var hundsað og menn óðu áfram með þekktum árangri. Það var byrjað á öfugum enda og framkvæmdin er þvert á það verklag sem Ríkisendurskoðun og fjármálaráðuneytið hafa mælt með."

Ögmundur segir mikilvægast að fast land sé loks undir fótum starfsfólks en segir að kannski megi taka undir gagnrýni á stjórnsýsluna í málinu, eða að fyrst hafi verið tekin ákvörðun um að leggja stofnunina niður og síðan að leggjast yfir það hvernig verkefnunum yrði skipað niður. „Hins vegar vil ég horfa til framtíðar í þessu og á kostina. Við höfum þegar náð sparnaði með þeim breytingum sem hafa verið gerðar. Ég vil horfa á málið eins og það stendur en ekki hvernig átti að standa að málum í upphafi."

Helst hefur staðið styr um hvernig rekstri loftvarnakerfisins verður háttað, en þar undir fellur rekstur ratsjárstöðva NATO á Íslandi. Starfsemin er nú tímabundið hjá LHG en einnig hefur verið rætt um að Isavia, áður Flugstoðir og Keflavíkurflugvöllur, taki við rekstrinum. Fyrir því er meirihlutavilji innan verkefnisstjórnar með breytingunum, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

svavar@frettabladid.is

FRÁ MIÐNESHEIÐI Helst er deilt um rekstur loftvarnakerfisins, en þar undir fellur rekstur ratsjárstöðva NATO. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Samtök iðnaðarins ánægð:

Fagna fyrirhugaðri vegagerð

FRAMKVÆMDIR Samtök iðnaðarins (SI) fagna ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að gefa út skuldabréf til að tryggja vegaframkvæmdir á næsta ári eftir að viðræður við lífeyrissjóðina um fjármögnun runnu út í sandinn. „Þetta eru mikil gleðitíðindi fyrir iðnaðinn því verkefnaskortur hefur neytt verktakafyrirtæki til að draga stórkostlega úr starfsemi sinni," er haft eftir Helga Magnússyni, formanni Samtaka iðnaðarins, í tilkynningu frá þeim.

HELGI MAGNÚSSON

Þar segir að með ákvörðun sinni hafi ríkisstjórnin líklega tryggt um fimm hundruð störf strax á næsta ári. Verkefnin sem ráðist verður í eru Suðurlandsvegur að Selfossi, Vesturlandsvegur að Hvalfjarðargöngum, Reykjanesbraut suður fyrir Straum og Vaðlaheiðargöng. - sh

Loftslagsráðstefna í Mexíkó:

Alþjóðlegar aðgerðir efldar

UMHVERFISMÁL Samkomulag náðist á laugardag á loftslagsráðstefnunni sem haldin er í Cancún í Mexíkó um efldar alþjóðlegar aðgerðir og aukið fjármagn til loftslagsmála.

Stóraukin framlög verða veitt til þróunarríkja til að takast á við afleiðingar loftslagsbreytinga og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Ísland lagði fram tillögu um að vernd og endurheimt votlendis yrði viðurkennd leið til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Endanleg samþykkt hennar bíður samkomulags um framhald Kýótó-bókunarinnar. - sm

Sprengjuárás í Afganistan:

Átta manns týndu lífi

AFGANISTAN, AP Átta manns létu lífið er smárúta sprakk nærri herbúðum NATO í suður Afganistan í gær; sex menn úr sveitum NATO létust auk tveggja afganskara hermanna.

Yfirvöld í Afganistan segja árásina hafa átt sér stað í Zharihéraði þar sem fjöldi bandarískra hermanna dvelur.

Talsmaður talibana segir þá bera ábyrgð á árásinni og segir hana vera hefndaraðgerð vegna fjölda árása sem NATO hefur gert á sveitir talibana undanfarna mánuði. - sm

Sjómenn og LÍÚ ályktа:

Andvígir kvótasölu ríkisins

SJÁVARÚTVEGUR Farmanna- og fiskimannasambandið, Sjómannasambandið og Félag vélstjóra og málmtæknimanna hafa tekið höndum saman við Landssamband íslenskra útvegsmanna og mótmæla hugmyndum um sölu ríkisins á aflaheimildum.

„Ef ríkið ætlar að hirða aflaheimildir þegar árangur næst grefur það undan langtímasjónarmiðum um góða umgengni og skynsamlega nýtingu fiskistofna," segja samtökin. Kostnaður við kvótakaup sé dreginn frá hlut sjómanna og óviðunandi sé að ríkisvaldið ætli að stuðla að því að sjómenn verði hlunnfarnir. - pg

Sautján stjórnlagaþingmenn hittust á óformlegum fundi í kjallara Neskirkju í gær:

Ekki allir ánægðir með fundarstaðinn

STJÓRNLAGAÞING Stjórnlagaþingmenn hittust til skrafs og ráðagerða í kjallara Neskirkju seinni partinn í gær.

„Þetta var fullkomlega óformlega fundur og það voru ekki nema sautján mættir. Þetta var bara lausbeislað spjall sem gekk meira út á að kynnast hvert öðru en að taka ákvarðanir eða ræða vinnubrögð," segir Illugi Jökulsson stjórnlagaþingmaður.

„Við vorum aðeins að ræða hvaða skoðun menn hefðu á þessum reglum sem okkur er ætlað að starfa eftir en annars var þetta bara létt og skemmtilegt. Það fór afskaplega vel á með okkur og mér sýndist allir vera ofboðslega áhugasamir um að þetta takist vel en endi ekki í froðusnakki og moði."

Séra Örn Bárður Jónsson, stjórnlagaþingmaður og prestur í Neskirkju, bauð salinn til afnota. „Einhverjir ómuðust við því að hittast í húsnæði kirkju þar sem við eigum meðal annars að ræða aðskilnað ríkis og kirkju," segir Illugi. „Mér fannst ekki ástæða til að taka það neitt hátíðlega og ég held að enginn hafi beinlínis ekki mætt út af því." - sh

SKRAF OG RÁÐAGERÐIR Ekki var einhugur um fundarstaðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

JÓLAÞRENNA NOKIA!

2.590 kr. / 12 mán.

Nokia 5230

Biókort og 500 kr. símnotkun á mánuði í 12 mánuði fylgir!

29.990 kr. staðgreitt

Gildir með frelsi, áskrift og Súper Nova.

2.590 kr. / 12 mán.

Nokia X3

Biókort og 500 kr. símnotkun á mánuði í 12 mánuði fylgir!

29.990 kr. staðgreitt

Gildir með frelsi, áskrift og Súper Nova.

2.590 kr. / 12 mán.

Nokia C5

Biókort og 500 kr. símnotkun á mánuði í 12 mánuði fylgir!

29.990 kr. staðgreitt

Gildir með frelsi, áskrift og Súper Nova.

Geisladiskar hjá Nova á 1.990 kr.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 250 kr. /mán. greiðslugjald. Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort. Það er ódýrara að staðgreiða!

DAGUR & STEINI

GENGIÐ 10.12.2010

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	114,46	115,00
Sterlingspund	181,19	182,07
Evra	151,74	152,58
Dönsk króna	20,349	20,469
Norsk króna	19,055	19,167
Sænsk króna	16,653	16,751
Japanskt jen	1,369	1,377
SDR	176,04	177,08

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
205,5601
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Einungis Senegalar gefa viðskiptalífi sínu jafnslaka einkunn með tilliti til spillingar og Íslendingar:

Viðskiptalífið hvergi talið spilltara en hér

KÖNNUN Yfir helmingur Íslendinga, 53 prósent, telur spillingu hafa aukist hér á landi undanfarin þrjú ár. Þetta er niðurstaða nýrrar könnunar stofnunarinnar Transparency International, sem Capacent sá um fyrir hennar hönd í sumar. Fimmtán prósent telja að dregið hafi úr spillingu á sama tíma.

Um þúsund manns í hverju ríki eru spurðir um spillingu í heimalandi sínu. Alls tóku 91.500 manns frá 86 ríkjum þátt að þessu sinni. Þátttakendur eru beðnir að meta hversu mikil spilling viðgengst innan ólíkra þjóðfélagsstofnana, þar sem einkunnin 1 merkir óspillta stofnun en 5 gjörspillta.

Íslenskir stjórnmálaflokkar fá einkunnina 4,3, sem er aðeins yfir meðallagi. Viðskiptalífið fær hins vegar mikla útreið og einkunnina 4. Meðaltalið er 3,4 og hvergi meta heimamenn viðskiptalífið jafnspillt nema í Senegal, sem einnig fær einkunnina fjóra.

Aðrar stofnanir koma betur út. Alþingi fær einkunnina 3,7, lögreglan 2,2, fjölmiðlar 3,5, embættismenn 3,5, dómskerfið 2,7, almenn samtök 2,6, trúfélög 3,2 og menntakerfið 2,4. - sh

EKKI MIKIL TRÚ Á VIÐSKIPTALÍFINU Bjarni Ármannsson, Hannes Smárason, Águst Guðmundsson, Jón Ásgeir Jóhannesson og Þórður Friðjónsson kynna íslenskt viðskiptalíf í Danmörku.

DAUÐSFALL Bernard Madoff leiddur fyrir rétt árið 2009. Sonur hans fannst látinn á heimili sínu á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sonur Madoffs látinn:

Mark Madoff svipti sig lífi

NEW YORK, AP Mark Madoff, sonur fjársvikamannsins Bernard Madoff, fannst látinn á heimili sínu í New York á laugardag.

Fjölskyldumeðlimur kom að Mark í íbúð hans en svo virðist sem hann hafi hengt sig.

Bernard Madoff var dæmdur í 150 ára fangelsi fyrir umfangsmesta ponzi-svindl sögunnar, en synir hans tveir höfðu starfað sem verðbréfamiðlarar fyrir fjölskyldufyrirtækið. Báðir voru þeir til rannsóknar vegna tengsla við föður sinn en höfðu ekki verið ákærðir vegna málsins. - sm

Brotist inn í bifreiðar:

Mikið um innbrot í bíla

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu varar fólk við því að skilja verðmæti eftir í bílum.

Nokkuð hefur verið um innbrot í bíla á höfuðborgarsvæðinu og sækjast þjófarnir einkum í GPS-tæki, myndavélar og tölvur. Lögreglan bendir einnig á að best er að skilja bíla eftir á vel upplýstum bílastæðum ef þess er nokkur kostur, þar sem innbrot eiga sér frekar stað á illa upplýstum svæðum. -sm

Félag múslima mun eitt fá moskulóðina

Formaður skipulagsráðs Reykjavíkur segir að efnt verði tíu ára gamalt loforð borgarinnar og að Félagi múslima verði útveguð lóð undir mosku. Menningarsetur múslima fái ekki lóð nema borgarráð mæli sérstaklega fyrir um það.

TRÚFÉLAG Páll Hjaltason, formaður skipulagsráðs Reykjavíkur, segir að Félag múslima muni fá lóð undir mosku frá borginni en ekki Menningarsetur múslima sem einnig sækir um lóð.

„Í skipulagsvinnunni er ég að vinna eftir því að samþykkt var fyrir tíu árum að lóð yrði afgreidd til Félags múslima undir mosku ásamt þremur öðrum trúfélögum. Mér finnst það bara ekki í lagi að Reykjavíkurborg sviki loforð í tíu ár," segir Páll Hjaltason. „Mig langar líka að benda á að kristin trúfélög fá ekki lóðir, nema þjóðkirkjan sem við höfum lögbundnar skyldur við. Enda er ekki eins og borgin sé full af kirkjulóðum sem við þurfum að koma út."

Páll segir það hins vegar vera sína skoðun sem formaður skipulagsráðs að „fallegasta leiðin" í málinu væri sú að menn ynnu saman og að moskan yrði byggð í sem mestum friði og að sem flestir múslimar notuðu hana.

Varðandi umsókn Menningarseturs múslima segir Páll að til þess að hún fái „virkni" þurfi hún að fara fyrir borgarráð. Hann muni ekki finna lóð fyrir söfnuðinn á skipulagslegum forsendum.

Karim Askari, varaformaður Menningarseturs múslima, segir aðalatriðið að útveguð verði lóð undir mosku fyrir alla múslima á Íslandi. „Félag múslima og Menningarsetrið fylgja sömu trú og þess vegna er í lagi að það verði aðeins ein lóð," segir Karim, sem kveðst vilja að mynduð verði nefnd með fulltrúum allra múslima til að annast um moskuna.

> Mér finnst það bara ekki í lagi að Reykjavíkurborg sviki loforð í tíu ár.
>
> **PÁLL HJALTASON** FORMAÐUR SKIPULAGSRÁÐS REYKJAVÍKUR.

Karim segir að þó að það hafi verið Félag múslima sem sótti upphaflega um lóðina hafi það einnig verið gert í nafni fólks sem síðan hafi gengið til liðs við Menningarsetrið. Munurinn á félögunum sé fyrst og fremst sá að Menningarsetrið sé lýðræðislegt en í Félagi múslima sitji ævikjörið öldungaráð. Þess vegna sætti menn sig illa við að Félag múslima sitji eitt að lóðinni. „Við þurfum ekki lóð í nafni Félags múslima eða Menningarseturins heldur í nafni allra múslima," segir Karim, sem kveður málið verða rætt nánar á ársfundi Menningarsetursins í lok ársins.

Í Fréttablaðinu í gær var haft eftir Önnu Kristinsdóttur, mannréttindastjóra Reykjavíkurborgar, að jafnvel þótt lóðir borgarinnar væru takmörkuð gæði væri ekki hægt að ganga framhjá öðru félaginu fengi hitt lóð úthlutað. Formaður skipulagsráðs er ósammála þessu. „Það er ekkert sjálfgefið að úthluta svona lóðum," segir Páll Hjaltason.

gar@frettabladid.is

ANNA KRISTINSDÓTTIR

KARIM ASKARI

PÁLL HJALTASON Formaður skipulagsráðs Reykjavíkur er ósammála því mati mannréttindastjóra borgarinnar að úthluta beri báðum félögum ókeypis lóð undir mosku fái annað félagið slíka lóð.

Viljayfirlýsing á Þorlákshöfn:

Vilja framleiða áburð í Ölfusi

IÐNAÐUR Félagið Fertill ehf. hefur áform um að reisa áburðarverksmiðju í Ölfusi. Bæjarstjórn Ölfuss hefur undirritað viljayfirlýsingu með félaginu vegna þessa. Segist aðilarnir sammála um að verksmiðjan myndi hafa jákvæð áhrif á samfélagið í heild og stuðla að auknu atvinnuöryggi. Sveitarfélagið fyrir sitt leyti lýsir yfir vilja til að útvega allt að 55 hektara lóð vestan við byggðina í Þorlákshöfn.

„Fyrir árslok 2011 liggi fyrir úttekt og tæknileg útfærsla á flutningum frá höfn að verksmiðju og samningar við fjárfesta, að öðrum kosti fellur þessu viljayfirlýsing úr gildi," segir í yfirlýsingunni. - gar

Tapaði miklu sparifé:

Vill stjórnendur VBS dregna til ábyrgðar

BANKAR Nói Sigurðsson, viðskiptavinur í eignastýringu hjá VBS sem tapaði stórum hluta sparifjár síns, segist ekki hafa verið látinn vita að peningar hans væru notaðir til að kaupa skuldabréf sem gefin voru út á fasteignir sem aldrei risu. Í samtali við Vísi segist hann afar ósáttur og vill að stjórnendur bankans verði dregnir til ábyrgðar.

Ástæðu þess að VBS fjárfestingarbanki lenti í vandræðum má að stórum hluta rekja til þess að bankinn var með einsleita útlánastefnu og lánaði til áhættusamra fasteignaverkefna, að sögn fulltrúa slitastjórnar bankans.

„Það á enga miskunn að sýna og það hefði átt vera búið að taka þessa karla fyrir löngu síðan. Það er mín skoðun," segir Nói að lokum.

VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

KÓLNAR Í MIÐRI VIKU Nokkuð svipað á morgun en heldur hvassara, einkum norðvestanlands. Hins vegar verða töluverðar breytingar á miðvikudag en þá snýst í stífa norðlæga átt og frystir smám saman um nánast allt land.



Á MORGUN 13-18 m/s NV-til, annars 8-13.

MIÐVIKUDAGUR Gengur í stífa NV-átt. Frystir um allt land.

HEIMURINN

Alicante	17°
Basel	0°
Berlín	-1°
Billund	1°
Frankfurt	-2°
Friedrichshafen	-3°
Gautaborg	-2°
Kaupmannahöfn	-2°
Las Palmas	21°
London	5°
Mallorca	16°
New York	8°
Orlando	10°
Ósló	-7°
París	1°
San Francisco	15°
Stokkhólmur	-3°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

Það kostar 75 kr
að bjóða gleðileg jól...
á Íslandi

Glædelig jul...

112 kr.

God jul...

100 kr.

Hyvää joulua...

114 kr.

God jul...

162 kr.

Hver sending skiptir máli!

Til þess að jólakveðjur innanlands komist á réttan stað á réttum tíma, þarf utanáskriftin að vera í lagi og kortið póstlagt fyrir 20. desember. Bréfberinn þarf að komast óbrotinn að lúgunni (muna að moka og salta), hann þarf að finna lúguna (hafa útiljósið kveikt) og hann þarf að sjá nöfnin á lúgunni.

PÓSTURINN
allur pakkinn

KJÖRKASSINN

Ætti að samþykkja nýja Icesave-samkomulagið?

Já	44,1%
Nei	55,9%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Gefur þú bók eða bækur í jólagjöf?

Segðu skoðun þína á vísir.is

Vísir

Þriggja mánaða biðlisti eftir stærstu jeppunum hjá Toyota á Íslandi:

Roksala á Landcruiser-jeppum

VIÐSKIPTI Toyota á Íslandi hefur selt 145 Landcruiser-jeppa af stærri gerðinni frá áramótum. Ætla má að heildarverðmæti bílanna nemi í kringum 1,5 milljörðum króna.

„Það hefur verið ágæt sala á stærri bílum hjá okkur á árinu," segir Páll Þorsteinsson, upplýsingafulltrúi Toyota á Íslandi.

Landcruiser-bílarnir eru af tveimur gerðum: Landcruiser 150, sem kom á markað fyrir ári og kostar á bilinu 8,5 til 12 milljónir króna, og Landcruiser 200 sem kostar upp undir 17,6 milljónir króna. Flestir taka Landcruiser 150 sem kostar tæpar tíu milljónir króna.

Toyota hefur selt 128 Landcruiser 150 frá áramótum og sautján Landcruiser 200. Enginn Landcruiser 150 er til hjá umboðinu og er þriggja mánaða bið eftir nýjum bíl. Landcruiser 200 hefur tímabundið verið tekinn af markaði.

Frumvarp um breytingar á vörugjöldum liggur nú á borði efnahags- og skattanefndar og gæti orðið að lögum frá Alþingi fyrir áramót. Breytingin felur í sér að vörugjöld á bíla miðast við útblástur í stað vélastærðar. Það þýðir að bíll sem er sparneytinn ber lægri vörugjöld en annar sem mengar meira.

Páll vill ekki segja til um hvort frumvarpið hafi áhrif á bílakaup fólks en útilokar ekki að einhverjir hafi viljað tryggja sér bíl fyrir áramótin. **- jab**

Skemmri bið eftir lyfjaskírteini:

Öll apótek tengd í janúar

HEILBRIGÐISMÁL Allar heilbrigðisstofnanir í ríkiseigu geta nú sent rafræna umsókn um lyfjaskírteini til Sjúkratrygginga Íslands (SÍ).

Fyrsta apótekið hefur verið tengt SÍ rafrænt og er miðlað þaðan réttindastöðu og lyfjaskírteinum. Áætlað er að apótek muni tengjast kerfinu eitt af öðru og þau verði öll tengd um miðjan janúar.

Lyfjaskírteini staðfesta aukna greiðsluþátttöku SÍ og hafa læknar til þessa sent umsóknir um skírteini á pappír til SÍ fyrir einstaklinga. **- sh**

Tveir fengu sýknudóm:

Fluttu inn efni sem er náskylt amfetamíni

DÓMSMÁL Tveir karlmenn voru í gær sýknaðir af innflutningi á tæplega fjórum kílóum af efninu 4-flúoróamfetamín á síðasta ári.

Efnið er náskylt amfetamíni en þar sem það var ekki skráð óheimilt á íslensku forráðasvæði þegar því var smyglað inn var burðardýrið sýknað. Smyglarinn bar að hann hefði talið sig vera að flytja inn eitt kíló af „lyktarlausu" kókaíni.

Hinn maðurinn, sem ákærður var fyrir skipulagningu smyglsins, var einnig sýknaður þar sem vafi þótti leika á sekt hans. Efnið er skráð ólöglegt í dag og var það gert upptækt samkvæmt dómi Héraðsdóms Reykjavíkur. **- jss**

HEILBRIGÐISMÁL

Spítalar sameinaðir

Landspítalinn og St. Jósefsspítali í Hafnarfirði verða sameinaðir. Guðbjartur Hannesson heilbrigðisráðherra hefur tilkynnt Birni Zoëga, forstjóra spítalans, þetta með bréfi. Sameiningin á að taka gildi 1. febrúar 2010 og þegar hefur verið skipuð verkefnisstjórn yfir sameiningunni.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Reykhaf í fjölbýlishafi

Slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu var kallað að fjölbýlishúsi á Kleppsvegi í gær vegna mikils reyks. Gleymst hafði að slökkva á eldavélahellu í einni íbúðinni.

Tveir bílar brunnu

Slökkviliðið var kallað út í gær vegna tveggja bílabruna. Auk þess var mikið að gera hjá sjúkraflutningamönnum, sem höfðu í gærkvöldi sinnt 25 útköllum um helgina en það er töluvert fyrir ofan meðallag.

LÖGREGLUMENN Á VETTVANGI Mildi þykir að ekki fórr verr þegar tvær sprengjur sprungu í miðborg Stokkhólms á laugardag. Fjöldi fólks var í bænum og segja sjónarvottar líklegast að árásarmaðurinn hafi borið sprengjuna innanklæða. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Gegn depurð

NEY 24f101

Modigen inniheldur Hypericum perforatum L 300 mg samsvarandi 0,9 mg af hreinu hypericin.
Náttúrulyf gegn depurð, framtaksleysi og vægu þunglyndi.
Skammtar: Fullorðnir 1-2 hylki á dag.

Ekki ætlað börnum yngri en 12 ára nema í samráði við lækni. Ráðfærðu þig við lækni eða lyfjafræðing áður en þú tekur Modigen ef þú ert barnshafandi eða með barn á brjósti.
Takið ekki með öðrum lyfjum nema í samráði við lækni.
Lesið fylgiseðil vandlega áður en notkun hefst.
Markaðsleyfishafi: Jemo-pharm A/S

Tilræðismaðurinn sprengdi sig í loft upp

Tvær sprengingar urðu í Stokkhólmi síðdegis á laugardag. Tvennt slasaðist í sprengjuárásunum. Ódæðismaðurinn lést eftir að síðari sprengjan sprakk.

STOKKHÓLMUR, AP Tvær sprengingar urðu í miðborg Stokkhólms síðdegis á laugardag. Sú fyrri átti sér stað við Drottningargötu þar sem bifreið sprakk og sú síðari varð nokkrum mínútum síðar við hliðargötu og mun ódæðismaðurinn hafa sprengt sjálfan sig upp með röraspreng.

Fjöldi manns var í miðborginni á þessum tíma og segja sjónarvottar að líklega hafi maðurinn borið sprengjuna um sig miðjan þar sem hann var með mikið sár á maganum. Tvennt slasaðist í árásinni en upplýsingar um líðan fólksins lágu ekki fyrir í gærkvöld.

Stuttu áður en sprengingarnar áttu sér stað barst lögreglu og fjölmiðlum tölvupóstur þar sem vera sænskra hermanna í Afganistan var fordæmd. Lögreglan rannsakar nú póstinn, en höfundur hans er sagður reiður út í veru sænskra hermanna í Afganistan og illt umtal um Múhameð spámann. Lögreglan telur ekki ólíklegt að um hryðjuverk hafi verið að ræða.

Núverandi viðbúnaðarstig hefur ekki verið hækkað enn sem komið er, en sænsk yfirvöld hækkuðu í nóvember síðastliðnum viðbúnaðarstig sitt vegna ótta við hryðjuverkaárás. Ástæðan var sögð sú að menn sem hafðir voru undir grun um að undirbúa árás í Svíþjóð, breyttu mynstri sínu og sáu yfirvöld því ástæðu til þess að bregðast við því.

Fredrik Reinfeldt, forsætisráðherra Svíþjóðar, bað fólk um að sýna stillingu og vera ekki of fljótt til að draga ályktanir vegna atburðanna. „Þetta er óviðunandi vegna þess að Svíþjóð er þjóðfélag þar sem fólk með ólíkar skoðanir, bakgrunn og trúarskoðanir getur búið hlið við hlið í opnu samfélagi."

sara@frettabladid.is

Snúið frá núverandi fyrirkomulagi í eftirliti með sjávarútvegsfyrirtækjum:

Eftirlitið framvegis hjá ríkinu

SJÁVARÚTVEGUR Matvælastofnun, MAST, mun ekki fela faggildum aðilum framkvæmd eftirlits með sjávarútvegsfyrirtækjum frá og með 1. mars 2011. Eftirlitið verður eftir þann tíma ríkisrekið. Þetta gengur þvert á vilja Landssambands íslenskra útvegsmanna, Samtaka fiskvinnslufyrirtækja og Samtaka atvinnulífsins og gegn tilmælum sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis.

Allt frá því að fyrsta matvælafrumvarpið var lagt fram á Alþingi vorið 2008 hafa samtökin lagt til að núverandi fyrirkomulag haldi sér. Í reglum ESB er heimildarákvæði um að stjórnvöldum sé heimilt að framselja framkvæmd eftirlitsins til faggilts aðila, en ágreiningur hefur verið um túlkun reglna ESB að þessu leyti.

„Það er álit okkar að í öllu falli hafi MAST verið heimilt að gera samninga við skoðunarstofurnar um að þær gegndu sínu hlutverki áfram í umboði MAST. Sjónarmiðum okkar hefur ítrekað verið komið á framfæri við meðferð málsins, bæði í meðförum Alþingis og í samskiptum við stjórnsýsluna. Ákvörðun MAST um [að] taka alfarið yfir eftirlitið eru því ákveðin vonbrigði," segir Friðrik Friðriksson lögfræðingur á heimasíðu LÍÚ.

VIÐ FLÆÐILÍNUNA Hverfa á frá fyrirkomulagi sem var komið á 1993 og endurskoðað 1998. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Árið 1998 var gerð krafa um faggildingu skoðunarstofanna. Henni er ætlað að tryggja hlutleysi og hæfni skoðunaraðilans. **- shá**

JÓLAPAKKI

ADEINS 10 RÚM!

AMELIA
Queen Size (153x203cm)
Fullt verð 149.700 kr.
+
HÁGÆÐA LAK
Fullt verð 6.900 kr.

JÓLATILBOÐ
89.900 kr.
= 59.800 kr. AFSLÁTTUR

REKKJUNNAR!

VIÐ ERUM Í SVAKALEGA GÓÐU JÓLASKAPI

JÓLATILBOÐ
Heilsukoddar
VERÐ FRÁ 6.930 kr.

GEFÐU GÓÐA NÓTT Í JÓLAGJÖF Í ÁR
30% AFSLÁTTUR
af öllum heilsukoddum til jóla

JÓLATILBOÐ
Sængurfatnaður
VERÐ FRÁ 4.425 kr.

GEFÐU GÓÐA NÓTT Í JÓLAGJÖF Í ÁR
25% AFSLÁTTUR
af öllum sængurfatnaði til jóla

AC PACIFIC
Queen Size (153x203 cm)
Fullt verð 213.800 kr.

JÓLATILBOÐ
149.500 kr.

KAUFFMANN
880 g dúnsæng (140x200 cm)
Fullt verð 38.900 kr.

JÓLATILBOÐ 29.175 kr.

25% AFSLÁTTUR

ARGH 131210

rekkjan

HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Blái húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

VEISTU SVARIÐ?

1 *Hver er höfundur bókarinnar Doris deyr?*

2 *Hver var formaður íslensku Icesave-samninganefndarinnar?*

3 *Í hvaða sæti hafnaði íslenska kvennaliðið í EM í handbolta?*

SVÖR

1. Kristín Eiríksdóttir 2. Lee C. Buchheit 3. 15. sæti.

Menntamála- og fjárlaganefndir um niðurfellda skuld Hraðbrautar:

Segja ákvörðun tveggja ráðherra ólöglega

STJÓRNSÝSLA Ákvörðun tveggja ráðherra um að fella niður 126 milljón króna skuld Menntaskólans Hraðbrautar við ríkið var ólögleg. Þetta er mat meirihluta menntamálanefndar og fjárlaganefndar. Einn nefndarmanna vill kanna hvort ráðherrarnir hafi gerst brotlegir við lög um ráðherraábyrgð. Frá þessu var greint í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöld.

Í svartri skýrslu Ríkisendurskoðunnar á málefnum menntaskólans Hraðbrautar, sem birt var í haust, kemur fram að skólinn fékk 192 milljónir ofgreiddar frá ríkinu en það skýrist af því að skólinn fékk greitt fyrir fleiri nemendur en teknir voru inn.

Fram kemur í skýrslunni, sem náði til áranna 2003-2009, að árið 2007 hafi forsvarsmenn Hraðbrautar náð samkomulagi við menntamálaráðuneytið um að 126 milljón króna skuld skólans, sem þá hafði safnast upp, yrði felld niður. Endanleg ákvörðun um þetta var tekin af þáverandi menntamálaráðherra annars vegar og fjármálaráðherra hins vegar. Menntamálanefnd hefur undanfarið fjallað um málefni skólans og birtir skýrslu um málið í dag. Þar kemur fram það mat meirihluta nefndarinnar að ráðherrarnir hafi enga heimild haft til að fella niður þessa skuld.

SKÓLASTJÓRI HRAÐBRAUTAR Ólafur Johnson segir skólann hafa fengið ofgreitt í kringum 120 milljónir.

Ólafur Johnson, skólastjóri Hraðbrautar, dregur þá upphæð sem Ríkisendurskoðun segir að skólinn hafi fengið ofgreitt í efa í samtali við Vísi. Ríkisendurskoðun segir upphæðina 192 milljónir en Ólafur segir að hún sé nær 120 milljónum. Ástæðan fyrir misræminu sú að samkvæmt samningi við menntamálaráðuneytið fær Hraðbraut fjármuni í samræmi við áætlanir um svokölluð nemendaígildi.

ÁTRÖSKUN Innlögnum á geðdeildir vegna lystarstols hefur fjölgað á síðustu árum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Tvöfalt fleiri greinast með lystarstol

Fjöldi lystarstolssjúklinga hefur tvöfaldast frá árinu 1983. Aukninguna má rekja til aukins nýgengis á BUGL. Konur eru 93 prósent sjúklinga. Dánartíðni er lág og alvarleg tilfelli mjög sjaldgæf.

HEILBRIGÐISMÁL Fjöldi þeirra sem leggjast inn á geðdeildir vegna lystarstols hefur tvöfaldast hér á landi á 26 árum. Eru það niðurstöður nýrrar rannsóknar: Lystarstol 1983-2008: innlagnir, sjúkdómsmynd og lifun, sem birt er í nýjasta tölublaði Læknablaðsins.

Rannsóknin byggir á sjúkraskrám þeirra sem lagðir voru inn á geðdeildir á Íslandi á tímabilinu 1. janúar 1983 til ársloka 2008, þar sem lokaúrtak var 84 einstaklingar, þar af 79 konur og 5 karlar. Meðalaldur sjúklinga var 18,7 ár og hafa tvær konur látist vegna sjúkdómsins á rannsóknartímabilinu, sem er lægra hlutfall en á Vesturlöndum.

Rannsókninni var skipt niður í tvö tímabil, 1983 til 1995 og 1996 til 2008. Á fyrra tímabilinu voru nýjar innlagnir vegna lystarstols 1,43 á hverja 100.000 íbúa á ári, 11 til 46 ára. Á seinna tímabilinu fjölgaði tilfellum um meira en 100 prósent, en þá voru innlagnir 2,91 á hverja 100.000 íbúa.

Guðlaug Þorsteinsdóttir, geðlæknir hjá göngudeild geðsviðs Landspítalans, segir að tilvikin séu þrátt fyrir allt mjög fá og alvarleg tilfelli af átröskunum og lystarstoli séu afar sjaldgæf. Aukningu nýrra tilfella megi rekja til aukins nýgengis innlagna hjá barna- og unglingageðdeild Landspítalans.

„Það er marktæk aukning síðustu tíu árin, en þetta eru svo fáir einstaklingar að það er erfitt að draga ályktanir," segir Guðlaug. „En upplýsingum um nýgengi tilfella á Íslandi utan stofnana er enn ábótavant."

Meðallengd fyrstu innlagnar var 98 dagar á fullorðinsdeildum og 130 á unglingadeildum. Alls voru tíu einstaklingar vistaðir nauðugir. Rannsóknin sýndi fram á að algengt er að lystarstolssjúklingar skaði sjálfa sig eða reyni að fremja sjálfsvíg inni á geðdeildum.

Á rannsóknartímabilinu var hlutfall þeirra sem lögðust inn oftar en einu sinni um fjörutíu prósent. Eftir að átröskunarteymi Landspítalans var komið á árið 2006 hefur legudögum lystarstolssjúklinga fækkað og meðferðarúrræði verið bætt.

„Enn vantar þó viðeigandi eftirmeðferðarúrræði, meðferðarheimili þar sem fólk getur verið í endurhæfingu, eins og tíðkast í nágrannalöndum okkar," segir Guðlaug.

sunna@frettabladid.is

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

Árið hefst á Vínartónleikum!

Á tónleikunum hljómar sígild Vínartónlist úr ýmsum áttum – m.a. Kampavínspolkinn, Dónárvalsinn sívinsæli og atriði úr Leðurblökunni. Hanna Dóra Sturludóttir syngur með hljómsveitinni og er viðbúið að hún gleðji tónleikagesti með hrífandi framkomu. Vínartónleikarnir hafa um árabil verið vinsælustu tónleikar S.Í. enda vart hægt að hugsa sér ljúfari upptakt að nýju ári. **Tryggðu þér miða á þessa einstöku tónleika.**

Mið. 05.01.11 » 19:30
Fim. 06.01.11 » 19:30
Fös. 07.01.11 » 19:30
Lau. 08.01.11 » 17:00

Graeme Jenkins *hljómsveitarstjóri*
Hanna Dóra Sturludóttir *einsöngvari*



AÐALSTYRKTARAÐILAR

BORGUN VÍS Morgunblaðið

Miðasala » www.sinfonia.is » Sími 545 2500 » Miðasala í Háskólabíói er opin alla virka daga kl. 9-17 og fram að tónleikum á tónleikadegi

FRÉTTASKÝRING: Brugðust endurskoðendur Glitnis og Landsbankans skyldu sinni?

Endurskoðendur bankanna flengdir

Glitnir og Landsbankinn voru komnir að fótum fram um áramótin 2007 og hefði þá átt að taka bankaleyfið af þeim. Í stað þess að stíga á bremsurnar gáfu þeir í. Eftirlitsaðilar brugðust skyldum sínum og lokuðu augunum fyrir bókhaldsbrellum þeirra.

Endurskoðendur Glitnis og gamla Landsbankans eru harðlega gagnrýndir í tveimur skýrslum norskra og franska sérfræðinga um starfsemi bankanna á árunum 2006 og fram að falli þeirra í október 2008. Endurskoðendafyrirtækið PricewaterhouseCoopers (PwC) sá um ytri endurskoðun bankanna.

Hefði fyrirtækið staðið sig hefði komið í ljós að eiginfjárhlutföll beggja banka voru komin undir lögbundið lágmark Fjármálaeftirlitsins fyrir áramótin 2007 og hefði átt að svipta þá báða bankaleyfi. Þess í stað virðist augunum hafa verið lokað fyrir erfiðleikum og gefið í.

Kippur í dauðateygjum

Lesa má úr skýrslunum báðum að á sama tíma og bankarnir færðust nær endamörkum vegna skorts á lausafé mokuðu helstu eigendur þeirra fé úr sjóðum bankanna. Í raun er tekið fram í skýrslunni um Glitni að eftir mitt ár 2008 virðist sem lánveitingar til aðila tengdra eigendahópi bankanna hafi tekið við af eðlilegri bankastarfsemi.

Í lok árs 2007 námu lánveitingar Landsbankans til Eimskips og Icelandic Group samtals 87 milljörðum króna. Björgólfur Guðmundsson, formaður bankaráðs Landsbankans, átti félögin að mestu. Þá eru ótalin lán til Actavis, félags sem sonur hans og annar af tveimur aðaleigendum bankans átti að mestu. Árið 2008, sama ár og með réttu hefði átt að vera búið að svipta Glitni bankaleyfi, námu útlán bankans 336 milljörðum króna. Þar af runnu 284 milljarðar króna til tengdra aðila á borð við FL Group, Fons, Baug og tengd félög. FL Group var á sama tíma stærsti eigandi Glitnis og Baugur helsti eigandi FL Group. Aðeins í september námu lán til þeirra 85 milljörðum króna.

Hausnum stungið í sandinn

Norska fyrirtækið Cofisys vann skýrsluna um Glitni og franska fyrirtækið Lynx Advokatfirma vann skýrsluna um Landsbankann. Báðar skýrslurnar voru unnar að tilstuðlan Evu Joly fyrir embætti sérstaks saksóknara.

Skýrslurnar byggja á vinnugögnum sem hald var lagt á í húsakynnum endurskoðendafyrirtækisins PricewaterhouseCoopers (PwC) í október í fyrra auk lánabóka beggja banka frá 31. desember 2002. Skýrsluhöfundar hjá Lynx taka það þó reyndar fram að þeir hafi aðeins haft brot úr rannsóknarskýrslu Alþingis til hliðsjónar. PwC var endurskoðandi reikninga beggja banka. Húsleit var sömuleiðis gerð hjá KPMG, sem endurskoðaði reikninga Kaupþings. Ekki er því útilokað að sambærileg skýrsla komi út um starfsemi Kaupþings.

Í báðum skýrslum er skýrt tekið fram að endurskoðendur hafi átt að sjá gloppur í bókhaldinu frá árinu 2006 og fram að hruni. Þeir hefðu átt að gera sér grein fyrir því að stjórnendur bankanna ofmátu eignir hvert einasta ár, sprenging varð í veitingu lána til tengdra aðila fram að hruni – í nokkrum tilvikum tryggð með lélegum veðum, stundum engum. Þá virðist sem augunum hafi verið lokað fyrir öðrum undarlegum gjörningum, svo sem óeðlilegum fjölda kúlulána til eigenda bankanna, stjórnenda og einstaklinga tengdra þeim. Slík lán tíðkast alla jafna ekki í öðrum löndum þar sem þau þykja afar áhættusöm, líkt og bent er á í skýrslunni um Glitni. Til að bæta gráu ofan á svart láðist endurskoðendum að gera athugasemdir við umsvifamikil viðskipti Glitnis og Landsbankans.

Endurskoðendur virðist hafa stuðst nær eingöngu við þau gögn sem bankarnir sendu þeim í tengslum við endurskoðun reikninga og ekki kallað eftir skýringum og frekari gögnum líkt og þeim bar skylda til.

Skýrsluhöfundar segja trassaskap endurskoðenda og vanhöld á skilvirku eftirliti og athugasemdum við ársreikninga hafa valdið því að bankarnir héldu lífi mun lengur en þeir hafi með réttu átt að gera. Í skýrslu Cofisys um Glitni er bent á að eiginfjárhlutfall bankans hafi verið 4,5 prósent í lok árs 2007. Það er tvöfalt lægra en Fjármálaeftirlitið gerir kröfu um og var bankinn því með réttu andvana löngu áður en hann féll í faðm ríkisins í október 2008. Það sama á við um Landsbankann.

Vill klára að lesa skýrsluna

Eftir því sem næst verður komist hafði slitastjórn Landsbankans í lok síðustu viku ekki fengið eintak af skýrslu Lynx um starfsemi gamla bankans.

Steinunn Guðbjartsdóttir, formaður slitastjórnar Glitnis, óskaði á föstudag eftir því við embætti sérstaks saksóknara að fá eintak, sem barst henni samdægurs í hendur.

Eins og áður sagði eru á meðal gagna vinnugögn PwC sem notuð voru við áritun árshluta- og ársreikninga bankanna. Slitastjórnir bankanna hafa óskað eftir þeim gögnum hjá PwC og embætti sérstaks saksóknara en ekki fengið.

Steinunn gat á föstudag ekki sagt til um það hvort og þá hvernig slitastjórnin muni bregðast við eftir lestur skýrslunnar.

„Við munum fara yfir skýrsluna. Við höfum verið með okkar eigin rannsókn á bókhaldi Glitnis. Ef eitthvað hefur vantað upp á hjá okkur munum við bregðast við því. Þangað til get ég ekki tjáð mig um hana," segir hún.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
jab@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ÁRSSKÝRSLAN HLAUT VERÐLAUN Þrátt fyrir að erlendir sérfræðingar telji nú margt gagnrýnivert við ársskýrslur Landsbankans nokkru fyrir hrun var annað hljóð í strokknum innanlands. Um miðjan september 2008 afhenti Björgvin G. Sigurðsson, þá viðskiptaráðherra, glaðbeittum Sigurjóni Þ. Árnasyni, öðrum af tveimur bankastjórum Landsbankans, viðurkenningu fyrir ársskýrslu ársins að mati Stjórnvísi. Tæpum mánuði síðar tók skilanefnd á vegum Fjármálaeftirlitsins lyklavöldin af Sigurjóni í bankanum.

Þetta hafa slitastjórnirnar gert

- Í maí á þessu ári stefndi slitastjórn Glitnis þeim Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, fyrrverandi forstjóra Baugs og stjórnarformanni FL Group, Lárusi Welding, fyrrverandi bankastjóra Glitnis, Þorsteini Jónssyni, Jóni Sigurðssyni, Pálma Haraldssyni, Hannesi Smárasyni og Ingibjörgu S. Pálmadóttur, sem öll tengjast Glitni og FL Group í tengslum við skuldabréfaútgáfu Glitnis í New York í Bandaríkjunum í september 2007. Slitastjórnin krefst 240 milljarða króna í skaðabætur. Í stefnu slitastjórnarinnar segir að Jón Ásgeir og aðrir hinna stefndu hafi notað yfirráð sín yfir bankanum til að veita gríðarhá lán til fyrirtækja sem þeir réðu yfir og fjármagnað ýmiss konar viðskipti við þau.
- Glitnir höfðaði jafnframt mál á hendur PwC fyrir að greiða fyrir og taka þátt í að dylja þau viðskipti sem hinir stefndu komu í kring og leiddi til falls bankans. PwC gerði úttektir og gáfu yfirlýsingar sem fjárfestar treystu á þegar skuldabréfin voru boðin út.
- Í desember á þessu ári krafði slitastjórn Landsbankans Sigurjón Þ. Árnason og Halldór J. Kristjánsson, fyrrverandi bankastjóra Landsbankans, hvorn um sig um samtals 37 milljarða króna í skaðabætur vegna nokkurra mála og meinta vanrækslu í tengslum við lánveitingar, svo sem til félags tengdu Björgólfi Guðmundssyni. Elín Sigfúsdóttir, fyrrverandi forstöðumaður fyrirtækjasviðs, var sömuleiðis krafin um átján milljarða.
- Slitastjórn og skilanefnd Landsbankans tilkynnti jafnframt stjórnendum PwC um ætlaða bótaskyldu vegna vanrækslu við endurskoðun á reikningsskilum bankans vegna ársins 2007 og vegna áritunar árshlutareikninga 2008. Ekkert hefur verið gefið upp um ætlaðar bætur.

Segir vinnugögn PwC flókin yfirferðar

„Gögn endurskoðenda er ekki einfalt að skoða og þau gögn sem sérstakur saksóknari fékk frá PwC eru að mestu á rafrænu formi en að hluta á pappír. Okkur finnst að áður en dómur verði felldur yfir störfum starfsfólks PwC sé nauðsynlegt að útskýringar þeirra á eigin vinnugögnum komi fram," segir Reynir Vignir, framkvæmdastjóri PwC á Íslandi. Hann leggur áherslu á að vegna trúnaðar sé ekki hægt að birta útskýringarnar á hvaða vettvangi sem er og væntir þess að við rannsókn sérstaks saksóknara verði kallað eftir útskýringum og upplýsingum frá starfsfólki PwC sem kom að endurskoðun bankanna. Enginn starfsmaður hafi verið kallaður til skýrslutöku og ekki leitað eftir sjónarmiðum þeirra við rannsóknina.

Reynir fékk skýrslurnar afhentar á fimmtudag í síðustu viku og hefur haft knappan tíma til að skoða þær. „Skýrslurnar eru talsvert umfangsmiklar. Við þurfum að skoða þær nákvæmlega áður en við ákveðum á hvaða vettvangi við getum svarað þeim. Í fljótu bragði sjáum við í skýrslunum báðum að skýrsluhöfundar setja fram mikið af fyrirvörum og benda á það í sérstökum köflum að þeir höfðu takmarkað aðgengi að gögnum og að þeir skoðuðu ekki öll gögn, meðal annars ekki frumgögn úr bönkunum sjálfum. Jafnframt virðist okkur ljóst að tilvísanir til viðeigandi reglna um reikningsskil og endurskoðun séu veikar en frekar byggt á eftiráskoðun skýrsluhöfunda og jafnvel tilfinningum," segir hann.

Reynir, af skýrslunum að dæma brást PwC skyldum sínum. Hvað finnst þér?

„Vinnu endurskoðenda verður að skoða miðað við þær aðstæður sem uppi voru þegar vinnan fór fram, en ekki með eftiráskoðun miðað við gjörbreyttar aðstæður. Við teljum að endurskoðendur félagsins hafi staðið vel að endurskoðun bankanna á sínum tíma og við munum sýna fram á það. Skýrslurnar eru ekki hinn endanlegi sannleikur um störf endurskoðenda."

Súr hvalur
Ekta hvalur, vel súr og góður.
Humar 2000 kr.kg
Óbarinn harðfiskur
Að vestan
Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

Minnum á teiknisamkeppni Skólamjólkurdagsins fyrir 4. bekkinga
Hægt er að skila inn myndum fram að jólafríi til Mjólkursamsölunnar, Bitruhálsi 1, 110 Reykjavík.

Nánari upplýsingar á www.ms.is

Vilja áfram endurgreiðslur:

Segja hitaverð munu hækka

BYGGÐAMÁL Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum (SSKS) mótmæla harðlega áformum stjórnvalda um að afnema endurgreiðslu virðisaukaskatts af sölu á heitu vatni og rafmagni til hitunar húsa.

Stjórn SSKS segir að verði frumvarp þess efnis samþykkt hafi það í för með sér hærra verð fyrir húshitun á svokölluðum köldum svæðum. Nú þegar sé þessi kostnaður tvö- til þrefaldur við það sem hann er á hitaveitukynntum landsvæðum. **- þj**

Vonbrigði í Japan þegar mistókst að koma rannsóknargeimfarinu Akatsuki á sporbaug um Venus:

Næst hægt að reyna að sex árum liðnum

JAPAN, AP Japanskar geimrannsóknir urðu fyrir áfalli þegar mistókst að koma rannsóknargeimfari á sporbaug um Venus í síðustu viku. Geimfarið átti að vera á ferð í tvö ár og safna gögnum.

Rannsóknarfarið kallast Akatsuki, en nafnið merkir „dögun“. Á blaðamannafundi, sem haldinn var á þriðjudag þegar farið náði á áfangastað, upplýstist að samband hefði verið stopult við Akatsuki fyrr um daginn. Í gær kom svo í ljós að ekki hafði tekist að koma geimfarinu á braut um Venus þegar vélar þess voru ræstar á þriðjudag.

Geimrannsóknin var á vegum japönsku geimrannsóknarmiðstöðvarinnar (JAXA) sem sögð er búa við fremur þröngan kost, en verkefnið er með þeim stærstu sem JAXA hefur ráðist í.

Akatsuki hefði orðið fyrsti japanski hnötturinn til að komast á sporbaug um aðra plánetu. Þetta er þó ekki fyrsta tilraun Japana því þeir reyndu að koma rannsóknarhnetti til Mars árið 1998. Sú tilraun gekk illa vegna tæknilegra erfiðleika og var að lokum blásin af árið 2003.

Fulltrúar JAXA segja hins vegar að fullt samband sé komið á ný við Akatsuki þar sem hann er nú á sporbaug um sólina, eftir að aðdráttarafl hennar kræki í geimfarið. „Geimfarið virðist vera í lagi og mögulega getum við gert aðra tilraun til að koma því á sporbaug þegar það fer aftur framhjá Venusi eftir sex ár,“ sagði Hitoshi Soeno, vísindamaður hjá JAXA. **- óká**



VERKEFNIÐ KYNNT Líkan af geimrannsóknargervihnettinum Akatsuki var til sýnis á blaðamannafundi í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

FLUGVÉL ERNIS Vegagerðin og Ernir hafa gert samkomulag um áætlunarflug til Sauðárkróks til ársloka 2011.

Samningur um flug:

Ernir flýgur án ríkisstyrkja

SAMGÖNGUR Ákvörðun hefur verið tekin um að fjárhagslegum stuðningi ríkisins við áætlunarflug til Sauðárkróks ljúki í árslok. Ástæður þess eru breyttar forsendur samgangna á svæðinu með tilkomu Héðinsfjarðarganga.

Samningur hefur verið gerður á milli Vegagerðarinnar og Flugfélagsins Ernis um áframhaldandi áætlunarflug til Sauðárkróks til ársloka 2011, án sérstakra styrkgreiðslna. Þá tryggir nýr samningur flug til Gjögurs og til Bíldudals.

Samningurinn felur í sér nokkra hækkun á styrk til Vestfjarðaflugsins, en Flugfélagið Ernir tekur þó á sig aukna fjárhagslega áhættu. - shá

Stórfelld bruggframleiðsla:

Tveir ákærðir fyrir brugg

DÓMSMÁL Lögreglustjórinn á Selfossi hefur ákært tvo menn vegna stórfelldrar bruggstarfsemi á bæ í Hrunamannahreppi.

Annar maðurinn er ákærður fyrir að hafa framleitt 98 lítra af gambra með 9 prósent áfengisstyrk og 145,7 lítra af landa af 30 til 40 prósent styrkleika.

Lögregla lagði hald á áfengið og áhöldin við húsleit að kvöldi þriðjudagsins 20. júlí. **- jss**

* Innifalið: Flug fram og til baka, skattar og önnur gjöld. Sölutímabil er til 24. des. 2010 kl. 18:00. Bókunartímabil er frá 22. des. 2010 til og með 14. jan. 2011.
Lágmarksdvöl er aðfaranótt sunnudags nema á Saga Class. Takmarkað sætaframboð. Sjá nánari skilmála á www.icelandair.is. Þessar ferðir gefa 3.000–14.400 Vildarpunkta.



VONSKUVEÐUR Mánaðalöngu þurrkatímabili í Mið-Austurlöndum lauk á laugardag, þegar sand- og snjóstormar ollu mikilli eyðileggingu á svæðinu, meðal annars dauða rússnesks ferðalangs í Ísrael. Maðurinn á myndinni keyrði um á vélhjóli í ofviðri á Gaza-svæðinu. NORDICPHOTOS/AFP

Tvær kólumbískar fjölskyldur komu hingað til lands á föstudag:

Aftur tekið á móti flóttafólki

SAMFÉLAGSMÁL „Þau eru auðvitað þreytt og lúin eftir langt átakaferðalag. Þau flugu frá Ekvador til Amsterdam og þaðan til Íslands og það tekur sinn tíma. En það er mjög ánægjulegt að við séum aftur farin að taka á móti flóttafólki," segir Linda Rós Alfreðsdóttir, sérfræðingur í félags- og tryggingamálaráðuneytinu. Linda var meðal þeirra sem tóku á móti sex kólumbískum flóttamönnum sem komu hingað í boði íslenskra stjórnvalda á föstudag.

Um er að ræða tvær fjölskyldur; konu á fimmtugsaldri og ungan son hennar og aðra konu um þrítugt með

LINDA RÓS ALFREÐSDÓTTIR

þrjú börn, þar af nokkurra mánaða gamla dóttur. Fólkið flýr ofbeldi, stríðsátök og ofsóknir í heimalandi sínu. Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna fór fram á það við íslensk stjórnvöld að fólkinu yrði veitt hér hæli.

Rauði krossinn og Reykjavíkurborg sjá um móttöku fólksins. Borgin útvegar fjölskyldunum húsnæði, félagslega ráðgjöf, íslenskunám og samfélagsfræðslu. Börnin sækja leik- og grunnskóla í borginni og fá þar sérstakan stuðning, meðal annars með móðurmálskennslu. Þá útvegar Rauði krossinn húsgögn og annað nauðsynlegt innbú.

Frá árinu 1996 hafa íslensk stjórnvöld tekið á móti 312 flóttamönnum í samvinnu við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, Rauða krossinn og sveitarfélög í landinu. Síðari árin hafa slíkir hópar flóttamanna sest hér að árlega en móttaka féll niður í fyrra vegna ástandsins í efnahagsmálum. - kg

Tuttugu óku undir áhrifum:

Töluvert um ölvunarakstur

LÖGREGLUMÁL Töluvert var um ölvunarakstur á höfuðborgarsvæðinu helgina sem leið og voru um tuttugu manns handteknir vegna þessa. Þar af voru fimm einnig undir áhrifum fíkniefna. Tvö umferðaróhöpp urðu af völdum ökumanna sem óku undir áhrifum.

Þá var tilkynnt um eitt innbrot á laugardag og fjögur aðfaranótt sunnudags. Einn gisti fangageymslur aðfaranótt sunnudags og er langt síðan svo fáir hafa þurft að dúsa þar yfir nótt.

Lögreglumál á Vestfjörðum:

Langflest umferðarlagabrot á Vestfjörðum

LÖGREGLUMÁL Fíkniefnabrotum hefur fækkað á Vestfjörðum undanfarin þrjú ár. Á síðasta ári fækkaði þeim úr um fimmtíu niður í níu samkvæmt ársskýrslu Ríkislögreglustjóra um afbrotatölfræði ársins 2009. Þetta kemur fram á vef Bæjarins besta.

Þá lækkaði tíðni eignaspjalla töluvert á Vestfjörðum milli ára en þau voru 53 talsins í fyrra. Í skýrslu kemur fram að umferðarlagabrot á hverja 10.000 íbúa voru flest á Vestfjörðum og Vesturlandi. eða 5.197. Þar af voru 617 á Vestfjörðum, sem er fjórðungur umferðarlagabrota sem framin voru á árinu, að því er segir á BB. - kh

Formaður borgarráðs telur umræðu um gjaldskrárhækkanir villandi og að borgin reki skýra fjölskyldustefnu:

Greiða jafnan lægri gjöld en nágrannarnir

REYKJAVÍK Þrátt fyrir fyrirhugaðar hækkanir á gjaldskrá Reykjavíkurborgar segja fulltrúar meirihlutans að borgarbúar greiði jafnan mun lægri skatta og gjöld en gengur og gerist í nágrannasveitarfélögunum.

Í tölum frá fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar eru ýmsar álögur og gjöld í fjárhagsáætluninni borin saman við helstu nágrannasveitarfélög.

Lóðarleiga og vistun á frístundaheimili eru til dæmis lægst í Reykjavík, og systkinaafsláttur á leikskóla er mun lægri en í öðrum bæjum sem úttektin tekur til.

Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, segir þessar tölur tala sínu máli og þar birtist skýr fjölskyldustefna, þótt auðvitað sé aldrei gleðiefni að hækka gjöld.

„Umræðan um gjaldskrárhækkanirnar hefur verið villandi þar sem mörgum hefur sýnst að um gríðarlega hækkun sé að ræða, en svo er ekki."

Dagur segir hækkanirnar ekki halda í við verðlagsþróun þar sem gjöldin hafa staðið óbreytt síðustu tvö og hálft ár.

„Svo eiga sum hinna sveitarfélaganna eftir að kynna áætlanir sínar fyrir næsta ár og ég er ekki viss um að þau treysti sér til að fara eins hóflega leið og við." - þj

Gjaldskrár á höfuðborgarsvæðinu

Bæjarfélag	Ár	Útsvar	Fasteignaskattur	Lóðarleiga	8 tímar á leikskóla	Systkinaafsláttur á leikskóla	Skólamatur grunnskóla	Vika á frístundaheimili
Reykjavík	2011	13,20%	0,225%	0,165%	21.760	75%	5.500	10.038
Kópavogur	2010	13,28%	0,280%		21.454	30%	6.400	11.025
Hafnarfjörður	2010	13,28%	0,240%	0,270%	25.190	30%	5.440	12.720
Garðabær	2010	12,46%	0,220%	0,300%	29.970	50%	8.560	14.960
Álftanes	2010	14,61%	0,400%	0,320%	29.674	30%	5.400	17.040
Seltjarnarnes	2010	12,10%*	0,180%	0,350%	31.479	50%	7.100	16.478
Mosfellsbær	2010	13,19%*	0,220%	0,300%	26.396	50%	5.000	13.800
Reykjanesbær	2010	13,28%	0,268%	1,500%	26.095	50%	4.840	14.400

* Útsvarsprósenta í Mosfellsbæ verður 13,28% á næsta ári og 12,98% á Seltjarnarnesi.
Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar bar saman einstök útgjöld í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar við helstu nágrannasveitarfélög.

fyrir Sólin

1 **Kaffivél** TC 60201
Fyrir 10 stóra og 15 litla bolla. 1100 W.
Jólaverð: 7.900 kr. stgr.

2 **Gigaset** AS180
Langur taltími, mikil hljómgæði.
Jólaverð: 5.900 kr. stgr.

3 **Samlokugrill** ST710
Fyrir tvær samlokur. 700 W.
Jólaverð: 6.700 kr. stgr.

4 **Beja borðlampar**
Þrír litir fáanlegir.
Jólaverð: 3.900 kr. stgr.

5 **Ryksuga** VS59E20
Létt og lipur. 2200 W.
Jólaverð: 21.900 kr. stgr.

6 **Uppþvottavél** SN45M203SK
Með fimm kerfum. Mjög hljóðlát og vinnusöm.
Jólaverð: 139.900 kr. stgr.

7 **Þvottavél** WM 12Q460DN
Tekur mest 7 kg, 1200 sn./mín.
Jólaverð: 129.900 kr. stgr.

SIEMENS

Heimilistæki, ljós og símar í miklu úrvali.

Fleiri girnileg jólatilboð.

Líttu inn og gerðu góð kaup.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

ATARNA

TOPTUL®
THE MARK OF PROFESSIONAL TOOLS

SINDRI

DESEMBER TILBOÐ

TILBOÐ
8.900 m/vsk
Fullt verð 14.900

IBTGCAI3501
TOPPLYKLASETT 3/8”
Tommur og millimetrar
Stærðir 6 - 22 mm og 1/4” - 7/8”

LÍFSTÍÐARÁBYRGÐ Á TOPPUM OG FÖSTUM LYKLUM

TILBOÐ
23.900 m/vsk
Fullt verð 39.900

IBTGCAI106B
TOPP-, BITA- OG FASTLYKLASETT, 106 STK.
1/4”, 1/2” I Stærðir 4 - 32 mm I Fastir lyklar 6 - 22 mm

TILBOÐ
6.900 m/vsk
Fullt verð 12.900

IBTGCAI5102
TOPPLYKLA-, BITA- OG SEXKANTA-SETT, 51 STK.
1/4” toppar 4 - 14 mm I Sexkantar 1.5 - 10 mm I Blandaðir bitar

TILBOÐ
11.900 m/vsk
Fullt verð 17.900

IBTGAAI5801
SKRÚFJÁRNA- OG BITASETT, 58 STK.
Sterk plasttaska

TILBOÐ
169.900 m/vsk
Fullt verð 239.900

IBTGCAJ0001
VERKFÆRAVAGN Á HJÓLUM, 227 STK.
1/4” topplyklasett
1/2” topplyklasett
Fastir lyklar, sexkantar og járnsög
Djúpir toppar, tangir, skrúfjárn o.fl.

PIPAR\TBWA • SÍA • 102883

2GB MP3

INTENSO

Intenso MusicWalker 2GB
MP3 spilari með 2GB minni, tónjafnara, USB 2.0 ofl. Spilar MP3 og WMA. Tekur allt að því 1000 lög.

VERÐ 4.990
FRÁBÆRT VERÐ

2GB MP3 MEÐ ÚTVARPI

INTENSO

Intenso MusicWaver 2GB
2GB MP3 SPILARI með diktafóni, tónjafnara, OLED skjá, útvarpi með minni, USB 2.0, hleðslurafhlöðu með 12 tíma MP3afspilun. Spilar MP3, WMA og ASF.

VERÐ 7.990
FRÁBÆRT VERÐ

1.8" LITA SKJÁR

GRUNDIG

Grundig MPIXX1200
Flottur MP3 SPILARI með 1,8" litaskjá og útvarpi. 2GB minni og hægt að auka minni með SD korti.

TILBOÐ 9.990
FULLT VERÐ kr. 10.990

4GB MP3 MEÐ ÚTVARPI

SanDisk

FÆST Í 3 LITUM

Sandisk Clip+4GB
Örsmár MP3 SPILARI með 4GB innb. minni, diktafóni, USB 2, stórum OLED skjá, útvarpi með minnum, innb. hleðslurafhlöðu (15 klst.). Virkar með Audible, Ogg Vorbis, FLAC, plus hljóðbækur og podcasts.

TILBOÐ 12.990
FULLT VERÐ kr. 14.990

GRÆJURNAR FÁST HJÁ

Dantax

Dantax PRO2035BK
MÍKRÓSAMSTÆÐA með 70w RMS magnara og CD spilara með MP3, útvarpi með 30 minnum, USB, RCA, klukku, svefnrofa, 2x Aux inn, Subwoofer út ofl.

TILBOÐ 49.990
FULLT VERÐ kr. 84.990

JVC

JVC UXG110
6w RMS MÍKRÓSAMSTÆÐA með með MP3/WMA CD spilara, RDS útvarp með 20 minnum, heyrnartólstengi klukku og tímastilli.

VERÐ 24.990
FRÁBÆRT VERÐ

JVC

JVC UXG375
60w RMS MÍKRÓSAMSTÆÐA með CD spilara, RDS útvarpi með minnum, klukku, Hyper Bass og USB 2.0, Aux inn, heyrnartólstengi ofl.

VERÐ 44.990
FRÁBÆRT VERÐ

Panasonic

MEÐ iPod VÖGGU

Panasonic SCHC30
Ofurþunn 2x20W samstæða með innbyggðri iPod/iPhone vöggu, D.Bass, MASH CD spilara, stafrænu RDS útvarpi með minnum, klukku með vekjara, Music Port tengi, Bamboo Cone gæða hátölurum, ofl. Hægt að festa á vegg.

VERÐ 64.990
FRÁBÆRT VERÐ

OLYMPUS

Olympus T100
Digital myndavél með 12 millj. punkta uppl., 3x Optical og 4x Digital Zoom, 6.3 - 18.9mm linsu, 2,4" LCD skjá, Face Detection, Autofocus, hreyfimyndatöku, USB, 10,8MB minni, hleðslurafhlöðu ofl. Rauf fyrir SD kort. Þyngd 123g.

TILBOÐ 14.990
FULLT VERÐ kr. 19.990

Panasonic

Panasonic DMCF4
MYNDAVÉL með 12,1 milljón punkta upplausn, LUMIX Vario linsu, Digital hristivörn, 4x Optical og 4x Digital Zoom, Linsa 5.0 - 20.0mm (35mm Samb. 28-112mm), 2.7" LCD skjá, HD hreyfimyndatöku (1280x720), 50MB minni, SD/SDHC kortarauf ofl.

TILBOÐ 19.990
FULLT VERÐ kr. 24.990

Nikon

4GB KORT OG TASKA FYLGIR

Nikon S3000
12 milljón punkta uppl. með 2,7" LCD skjá, NIKKOR linsu, 4x skerpu, EXPEED myndvinnslu, 4x Optical og 7x Digital Zoom, hreyfiskynjun, AF-eltifókus, VR titrings-jöfnun, ISO-3200, 16 umhverfisstillingum, hreyfimynda-töku, 47MB minni, kortarauf, USB, ísl. leiðarvísi ofl.

TILBOÐ 26.990
FULLT VERÐ kr. 29.990

OLYMPUS

HÖGGHELD VATNSHELD FROSTHELD

Olympus MJUTOUGH3000
Högg-, vatns- og frostheld MYNDAVÉL með 12 millj. p. upplausn, 2.7" HyperCrystal LCD skjá, 3.6x Optical Zoom, hristivörn, HD hreyfimyndatöku, 5.0 - 18.2 mm linsu, Auto ISO 50-1600, kortalesara, hleðslurafhlöðu ofl.

TILBOÐ 29.990
FULLT VERÐ kr. 37.990

OLYMPUS

Olympus E450DZKIT
Stafræn D-SLR MYNDAVÉL með 10 milljón p. uppl., TruePic III+, 2.7" LCD skjá, Face Detection, fullkomin rykhreinsun, þráðl. flass control, AF/AE læsing, Long Exposure með hristivörn, USB 2.0 ofl. 2 stafr. Zuiko linsur og minniskort fylgja.

TILBOÐ 94.990
FULLT VERÐ kr. 114.990

8GB KORT FYLGIR!

Panasonic

Panasonic DMCG10
Stafræn MYNDAVÉL með 12,1 milljón punkta uppl., Venus Engine HDII, Micro 4/3 útskiptanlegar linsur, LUMIX G VARIO 14-42mm/F3.5-5.6 ASPH./MEGA O.I.S. linsa, HD hreyfimyndatöku, AVCHD Lite, Intelligent Resolution, Advanced iA, 3" skjá, Live View Finder, Burst Shooting, rykhreinsikerfi, hljóðnema, hátalara, allt að 400 mynda rafhlöðu, mini HDMI og USB 2.0.

TILBOÐ 89.990
FULLT VERÐ kr. 109.990

8GB KORT FYLGIR!

EISA Best Product 2010-2011 MULTIMEDIA CAMERA Panasonic Lumix DMC-G2

Panasonic DMCG2
MYNDAVÉL með 12,1 milljón p. uppl., Micro 4/3 linsu, Venus Engine HDII, LUMIX G VARIO 14-42mm/F3.5-5.6 ASPH./MEGA O.I.S. linsu, HD hreyfimyndatöku, IR, Advanced iA, 3" hreyfi- og snertiskjá, Burst Shooting, rykhreinsikerfi, hljóðnema, hátalara, kortarauf, mini HDMI, USB 2.0, kortarauf ofl.

TILBOÐ 129.990
FULLT VERÐ kr. 149.990

Íslenskur leiðarvísir, 2,5 klst ljósmyndanámskeið, taska, bók og 4GB minniskort fylgir!

Nikon

Nikon D3100KIT1855VR
SLR MYNDAVÉL með 14.2 milljón p. upp., 23,1×15,4 mm CMOS flögu, EXPEED 2, ISO 100-3200 (fer í 12800), 3" LCD skjá, Active D-Lighting, D-Movie FHD hreyfimyndatöku, Guide mode, Burst Shooting, tvöföldu rykhreinsikerfi, HDMI C út ofl.

TILBOÐ 129.990
FULLT VERÐ kr. 134.990

MIKIÐ ÚRVAL HLJÓMTÆKJA OG HEIMABÍÓKERFA FRÁ JBL OG HARMAN/KARDON

Dantax

Dantax 32LCDVD92
32" HD LCD SJÓNVARP með WXGA 1366x768p upplausn, 10.000:1 skerpu, innbyggðum DVB-T móttakara, 40w stereó hljóði, 2x HDMI, 2x Scart, VGA tengi, ofl.

VERÐ 79.990
FRÁBÆRT VERÐ

OKKUR

UNITED

United 19DD92HD
19" HD LCD SJÓNVARP með innbyggðum fjölkerfa DVD spilara, stafrænum DVB-T EPG móttakara, 1440x900p upplausn, Nicam Stereó, 2x HDMI, Scart, VGA, heyrnartólstengi ofl. 12v/230v.

TILBOÐ 49.990
FULLT VERÐ kr. 59.990



UNITED

United 22DD92HD
22" FHD LCD SJÓNVARP með innbyggðum fjölkerfa DVD spilara, stafrænum DVB-T EPG móttakara, 1920x1080p upplausn, Nicam Stereó, 2x HDMI, Scart, VGA, heyrnartólstengi ofl. 12v/230v.

TILBOÐ 59.990
FULLT VERÐ kr. 69.990

UNITED

United 26DD92HD
26" HD LCD SJÓNVARP með innbyggðum fjölkerfa DVD spilara, stafrænum DVB-T móttakara, 1920x1080 upplausn, Nicam Stereó, 3x HDMI, Scart, VGA, heyrnartólstengi ofl.

TILBOÐ 79.990
FULLT VERÐ kr. 89.990



MEÐ iPod VÖGGU

Panasonic

Panasonic TXL22D28
22" Pure Line IPS LED LCD SJÓNVARP með 1366x768p upplausn, Vreal 5, 50.000:1 skerpu, 24p Smooth Film/Play Back, 2msec svartíma, 3D Colour, stafrænum háskerpu HDTV DVB-T móttakara (MPEG4), 6w Nicam Stereó V-Audio Surround hljóði, SD/SDHC kortalesara, 2 x Scart, 2 HDMI 1.3 (1x 1.4), Component, CI rauf, SVHS, CVBS, PC, Optical út, heyrnatólstengi, iPod vöggu ofl.

TILBOÐ 99.990
FULLT VERÐ kr. 139.990

PHILIPS

Philips 32PFL3805H
32" Full HD LCD SJÓNVARP með 1920x 1080p upplausn, Pixel Plus HD, HD natural motion, 100.000:1 skerpu, 2ms svartíma, 40w RMS Virtual 2.1 hljóð, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, 3x HDMI ofl.

VERÐ 99.990
FRÁBÆRT VERÐ

Panasonic

Panasonic TXP42C2
42" HD Ready 16:9 Plasma sjónvarp með 1024x768p upplausn, Vreal 4, 100Hz, 24p, Real Black Drive 2.000.000:1 dýnamískri skerpu, x.v Colour 3D Colour management, Motion Pattern, Noise Reduction, Sub-Pixel Control, Progressive Scan, Viera Link, stafr. háskerpu HDTV DVB-T móttakara, kortalesara, Scart, 2 HDMI ofl.

TILBOÐ 119.990
FULLT VERÐ kr. 179.990

PHILIPS

Philips 42PFL5405H
42" Full HD 1080p LCD sjónvarp með 1920x1080 upplausn, Pixel Plus HD, Progressive Scan, HD natural motion, 100Hz Clear LCD, 100.000:1 skerpu, 2ms svartíma, 40w RMS Virtual 2.1 hljóði, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, 3x HDMI ofl.

TILBOÐ 169.990
FULLT VERÐ kr. 249.990

Panasonic

Panasonic TXP50C2
50" HD Ready Plasma SJÓNVARP með 1024x768p upplausn, Vreal 4, 100Hz, 24p, Real Black Drive 2.000.000:1 dýnamískri skerpu, x.v Colour, 3D Colour management, Motion Pattern, Noise Reduction, Sub-Pixel Control, Progressive Scan, Viera Link, stafr. háskerpu HDTV DVB-T móttakara, kortalesara, Scart, 2 HDMI ofl.

TILBOÐ 174.990
FULLT VERÐ kr. 229.990

OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. Snerpa Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.

skoðun

greinar@frettabladid.is

Ólafur M. Magnússon býður landbúnaðarkerfinu birginn á nýjan leik.

Kjarkur í Kú

Ólafur M. Magnússon, sem á sínum tíma stofnaði Mjólkursamlagið Mjólku í óþökk talsmanna hins ríkisstyrkta og miðstýrða landbúnaðarkerfis, er ekki af baki dottinn. Hann neyddist til að selja landbúnaðarapparatinu Mjólku eftir að reksturinn lenti í erfiðleikum, sem Ólafur kennir engum um nema sjálfum sér. Eins og hann sagði frá í viðtali við Fréttablaðið á föstudaginn er Ólafur nú kominn af stað með nýtt mjólkursamlag, Kú, sem hafið hefur framleiðslu og sölu á ostum.

Ólafur hyggst endurtaka leikinn og framleiða sjálfur mjólk á fjölskyldubúinu utan greiðslumarks, þ.e. án ríkisstyrkja, auk þess sem hann ætlar að kaupa mjólk af Vesturmjólk sem einnig er framleidd utan greiðslumarks. Slík starfsemi er eitur í beinum þeirra sem vilja halda vörð um gamla kerfið. Tveir landbúnaðarráðherrar hafa verið fengnir til að flytja á þingi frumvarp um að refsa með sektargreiðslum þeim afurðastöðvum sem kaupa mjólk sem ekki er framleidd með ríkisstyrk.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Frumvarpinu sem Jón Bjarnason, núverandi landbúnaðarráðherra, lagði fram á síðasta þingi var harðlega mótmælt. Samkeppniseftirlitið lagðist eindregið gegn samþykkt þess, enda væri með því drepin sú litla samkeppni sem þrífst í framleiðslu og vinnslu mjólkur á Íslandi. Neytendasamtökin, Alþýðusambandið, talsmaður neytenda, Samtök verzlunar og þjónustu og Viðskiptaráð lögðust sömuleiðis eindregið gegn því að frumvarpið yrði að lögum. Það hefur ekki verið lagt fram á nýjan leik á yfirstandandi þingi.

Við skulum samt ekki ímynda okkur annað en að þrýst sé á landbúnaðarráðherrann að koma refsiákvæðunum í gegn til að binda enda á tilraunir Ólafs M. Magnússonar og Vesturmjólkur til að innleiða svolitla samkeppni í búvöruframleiðslu. Ólafur sagðist í viðtalinu við Fréttablaðið ekki óttast þetta frumvarp. Það beindist fyrst og fremst að þeim sem væru innan mjólkurkvótakerfisins með hluta af sinni framleiðslu en vildu einnig framleiða utan kvóta. Hann væri hins vegar ekki aðili að kvótakerfinu. „Auk þess gengur þetta gegn atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar og skýtur auðvitað mjög skökku við ef fólki er ekki heimilt að framleiða mjólk án þess að þiggja til þess ríkisstuðning," segir Ólafur.

Þetta er kjarni málsins. Það getur bara ekki verið – og myndi aldrei halda fyrir dómstólum – að hægt sé að banna fólki að reka fyrirtæki án þess að þiggja til þess ríkisstyrk. Ef talsmenn landbúnaðarkerfisins telja að það hrynji, rjúfi einstakir bændur eða afurðastöðvar samtrygginguna, er kannski orðið tímabært að huga á breytingum á kerfinu, fremur en að reyna að leggja hömlur á atvinnufrelsi manna til að bjarga því.

Það er mikilvægt að menn eins og Ólafur M. Magnússon hafi kjark og dug til að bjóða þessu kerfi birginn, þótt nóg sé af úrtölumönnunum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Árni bætir í

Um daginn, á þessum stað, var vikið að elju þingmannsins Árna Johnsen, sem lagði fram tólf þingsályktunartillögur og tvö lagafrumvörp áður en hann brá sér í stutt leyfi. Það hrós kann að hafa verið ótímabært, enda hefur Eyjamaðurinn nú bætt í og lagt fram átta tillögur til viðbótar.

Góðar hugmyndir

Tillögurnar átta eru ekki alveg eins misjafnar og þær eru margar. Þrjár þeirra snúa að hafnarmannvirkjum – í Þorlákshöfn, Vestmannaeyjum og Grindavík. Svo vill Árni koma á prófessorsembætti við HÍ kenndu við Jónas Hallgrímsson og öðru á sviði byggðasafna, leyfa hægri beygju á rauðu ljósi, gera Þríhnúkagíg aðgengilegan ferðamönnum og koma á vefmyndasafni „með því að koma upp nettengdum myndavélum á allt að 150 stöðum á Íslandi, fegurstu og sérkennilegustu stöðum landsins." Allt eru þetta býsna góðar hugmyndir.

Brjóstmyndin

En góðar hugmyndir verða því miður ekki alltaf að veruleika. Árið 2004 setti Árni fram tillögu í áttatíu liðum að átaki í ferðaþjónustu- og atvinnumálum fyrir Vesturbyggð og Tálknafjörð. Ein þeirra var að brjóstmynd af John F. Kennedy yngri yrði komið fyrir við Flókalund. Hann hafði nefnilega einu sinni leigt þar kajak. Ekkert bólar enn á þeirri brjóstmynd.

stigur@frettabladid.is

HALLDÓR



Sjálfbær nýting jarðhitans

Orkumál

Gústaf Adolf Skúlason
aðstoðarframkvæmdastjóri Samorku, samtaka orku- og veitufyrirtækja

Hverjir hafa mesta hagsmuni af því að orkuauðlindir séu nýttar á sjálfbæran hátt? Augljóslega þau orkufyrirtæki sem nýta umræddar auðlindir. Jarðhitinn er alþjóðlega skilgreindur sem endurnýjanleg orkulind, líkt og vatnsaflið ásamt fleirum. Ágætir fræðimenn hafa bent á að hægt sé að nýta jarðhitann þannig að ekki verði flokkað undir sjálfbæra nýtingu. Þetta hafa hins vegar sumir aðrir lesið á þann hátt að verið sé að nýta jarðhitann á ósjálfbæran hátt hérlendis. En hverjir ættu að gera það og hvers vegna? Það eru jú orkufyrirtækin sjálf sem hafa mesta hagsmuni af góðri umgengni við auðlindina. Þar við bætist að nýtingin fer fram undir eftirliti Orkustofnunar, sem hefur heimildir til inngripa ef hún telur að nýtingin sé ekki í samræmi við starfsleyfisskilmála.

> Orkufyrirtækin sjálf hafa mesta hagsmuni af góðri umgengni við auðlindina.

Önnur algeng gagnrýni á nýtingu jarðvarmans hérlendis snýr að þeirri orku sem ekki nýtist, svo sem þar sem hitinn er eingöngu nýttur til raforkuframleiðslu. Nú eru raunar einnig mörg dæmi um margþætta nýtingu jarðhitans. Svartsengi er sérlega glæsilegt dæmi í þeim efnum. Þar er jarðhitinn nýttur til húshitunar, raforkuframleiðslu, heilsubaða með tilheyrandi ferðaþjónustu og húðvöruframleiðslu (Bláa lónið), að ógleymdri metanólframleiðslunni úr koltvísýringnum, sem nú er í undirbúningi á vegum fyrirtækisins Carbon Recycling International.

Risastór gróðurhús?

Í þessu orkunýtingarsamhengi er nú iðulega spurt hvi „við" séum ekki að byggja hér risavaxin gróðurhús, til að nýta þann varma sem jarðhitavirkjanir eru ekki að nýta í dag. Við þessu er einfalt svar: Hver sá sem hefur áhuga á að stofna til slíkrar starfsemi er án efa mjög velkominn í viðræður við viðkomandi orkufyrirtæki. Þær viðræður yrðu hins vegar að vera á viðskiptalegum forsendum, um orkuverð, orkuform o.s.frv. Vandséð er hins vegar að íslenskir garðyrkjubændur yrðu ánægðir með að orkufyrirtækin, sem flest eru í opinberri eigu, færu sjálf í samkeppni við þá í framleiðslu á grænmeti.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Okkur skjátlaðist

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Um það er þarflaust að þrefa: Okkur skjátlaðist. Við, þessi minnihluti landsmanna sem vildum ljúka Icesave-málinu um síðustu áramót, fá þetta út úr heiminum og halda áfram út úr kreppunni með hjálp annarra þjóða – okkur skjátlaðist, við paníkeruðum.

Samningurinn sem nú liggur fyrir í Icesave-málinu er svo miklu hagstæðari en sá sem þá lá fyrir að um það er þarflaust að þrefa heldur ættum við að gleðjast og þakka þeim sem náðu fram svo miklu hagfelldari niðurstöðu – ekki síst forsetanum.

Vera kann að á móti komi tjón vegna frosinna lánamarkaða – þótt ef til sé það lánafrost líka viss blessun því að engar virkjanaframkvæmdir hafa fyrir vikið orðið og engin lán verið tekin í ámóta hálfvitagang – og forsendur hafa breyst en það breytir engu: Okkur skjátlaðist.

Hvers vegna tók maður þessa afstöðu? Manni fannst þetta vera áhættuhegðun, dans á hengifluginu, ofmat á eigin stöðu og glannaskapur að hætti útrásarvíkinga, sem maður tengdi einmitt við forsetann. Öll forsaga málsins glapti manni sýn. Maður hafði hyldjúpa vantrú á íslenskum lagaspekingum og öllum þeirra fráleitu og keyptu lögfræðiálitum. Og maður var með hálfgert ógeð á þeim hugsunarhætti að íslenskur banki gæti með ríkisábyrgð látið greipar sópa um sparifé fólks í útlöndum, peninga líknarfélaga og sveitarfélaga og síðan bara sagt: Úpps! Tryggingarsjóðurinn sem okkur bar að koma á fót er tómur! Æ-æ. Verst fyrir ykkur...

Maður hugsaði: við getum ekki átt þjóðarhagsmuni okkar undir dómgreind þeirra manna sem bjuggu þessi ósköp til.

Fyrir vikið yfirsást manni að íslenska þjóðin hafði vissan málstað í þessu máli, lagalegan og siðferðilegan. Hún hafði að vísu fengið sitt sparifé tryggt þegar bankarnir féllu með neyðarlögum en það var hins vegar engin sanngirni í því fólgin að láta hana sitja eina uppi með skaðann af Icesave-reikningunum: þótt allt eftirlit hafi brugðist þegar þeir voru stofnaðir, eftirlit kjörinna trúnaðarmanna þjóðarinnar, þá var skaðinn hér einfaldlega svo yfirþyrmandi.

> Samningurinn sem nú liggur fyrir í Icesave-málinu er svo miklu hagstæðari en sá sem þá lá fyrir að um það er þarflaust að þrefa heldur ættum við að gleðjast og þakka þeim sem náðu fram svo miklu hagfelldari niðurstöðu – ekki síst forsetanum.

Leikur með fjöreggið

Icesave var leikur með fjöregg þjóðarinnar. Af einbeittu gáleysi var Landsbankamönnum leyft að stofna innlánsreikninga í Englandi fyrst og síðan Hollandi með fáránlegum yfirboðum á vöxtum, enda höfðu aðrar lánaleiðir lokast bankanum þegar hér var komið sögu.

Manni fannst að það þyrfti að hreinsa nafn Íslands. Manni þótti sem Landsbankamenn hefðu dregið í svaðið það góða orð sem þá fór enn af Íslendingum, þökk sé því íslenska fólki sem lifað hefur og starfað víða um heim á umliðnum áratugum við góðan orðstír þrátt fyrir allt. Þetta góða nafn var markvisst notað í Icesave-herferðum Landsbankans með þeim afleiðingum að manni þótti ríða á að sýnt væri fram á að Íslendingar væru ekki samviskulausir kennitöluflakkarar heldur vildu standa við skuldbindingar sínar. Þetta var ekki þrælslund heldur löngun til að sýna fram á að Íslendingar væru siðaðar manneskjur sem hægt væri að eiga samskipti og viðskipti við. Maður hafði áhyggjur af framtíð landsins myndi það lokast – maður hafði áhyggjur af börnum sínum og því að þegar fram liðu stundir yrði Ísland einangrað og fátækt land þar sem réðu grillur um eigið ágæti og mikilvægi: eitt allsherjar Urðarsel.

Icesave er afurð Sjálfstæðisflokksins sem afhenti vildarmönnum á silfurfati banka sem tók þá sex ár að setja í þrot með óvenju miklum tilþrifum. Í Icesave-deild bankans starfaði gjörvöll ungliðadeild Sjálfstæðisflokksins og það voru helstu innherjar flokksins sem gerðu fyrsta og versta Icesave-samninginn. Þegar sjálfstæðismenn tóku svo í stjórnarandstöðu að æpa um að við þyrftum ekkert að borga lét maður sér fátt um slíkt skrum finnast.

En þá gleymdi maður því að Íslendingar áttu sér málstað jafnvel þótt Icesave-peningar hefðu flætt um íslenskt þjóðlíf og átt sinn þátt í að viðhalda falskri kaupgetu með glórulausri lánastarfsemi til fólks sem engar forsendur hafði til að geta borgað af lánunum í eðlilegu árferði.

Hér varð kerfishrun. Og eins og sá ágæti söngvari og tollari Guðbjörn Guðbjörnsson minnir á í nýlegu bloggi þá viðurkenndi sjálfur fjármálaráðherra Hollands, Wouter Bros, í ræðu hinn 3. mars 2009 að tilskipun ESB um innlánstryggingar ætti ekki við í slíkum tilvikum. Þetta skiptir máli.

Þó að íslenskur almenningur hafi „notið góðs“ af Icesave-peningum má það heita ljóst að þjóðin hafði ekki forsendur til að átta sig á því hvers konar starfsemi fór fram innan Landsbankans og ber ekki siðferðilega ábyrgð á henni.

Það gera hins vegar menn sem enn ganga lausir.

AF NETINU

Yfirgengilegar frásagnir af norsku skýrslunni

Ríkissjónvarpið stóð sig vel í gærkveldi (09.12.2010) við að koma flóknu efni skilmerkilega til skila í fréttum og Kastljósi. Sannast sagna voru frásagnir af norsku skýrslunni um Landsbankann svo yfirgengilegar að það tekur venjulegt fólk talsverðan tíma að melta það hvernig bankabófarnir komust upp með bankaránið með blessun endurskoðendanna Price Waterhouse Coopers. Ótrúlegra en nokkur lygasaga. Ekki var hlustað á stjórnanda í bankanum, sem sá hvert stefndi og varaði við. Ætli hann hafa bara ekki verið rekinn fyrir að vera með leiðindi í veislu ræningjanna?

http://blog.eyjan.is/esg/

Eiður Svanberg Guðnason

JÓLIN KOMA

JÓLAGJAFIRNAR
fást í Eirvík

KAFFIVÉLAR - MATVINNSLUVÉLAR - POTTAR & PÖNNUR
SAFAPRESSUR - ELDHÚSÁHÖLD

Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Einföld gjöf. Einfalt líf!

Til allra jólasveina.
Gefum eitthvað sem gerir það auðveldara að eiga samskipti.
Eitthvað sem allir geta notað.

Doro PhoneEasy® 332gsm er á íslensku
og er með flýtihnapp til að senda SMS

Doro PhoneEasy® 410gsm
samlokusíminn er sérstaklega einfaldur í notkun.

DESIGN BY DORO OF SWEDEN

vodafone Síminn TELKO og söluaðilar um land allt

Gerum heiminn aðeins einfaldari.

Aðalsteini svarað

Ríkisfjármál

Þröstur Ólafsson
hagfræðingur

Það er greinilega þungt undir fæti að ræða alvörumál án þess að gusað sé á mann tilfinningaþrungnum formælingum og ásökunum um landsbyggðarfjandsemi. Í grein benti ég á að ríkið þyrfti að spara og færði rök fyrir því að ekki væri sama hvernig það væri gert. Aðalsteinn Baldursson sendir mér tóninn 8. desember. Til að auðvelda reiðilestur sinn dylgjar hann um að ég telji landsbyggðina bagga á samfélaginu og fer í einhvern misskilinn samanburð um verðmætasköpun. Ýmislegt fleira smekklegt fylgir bráðlyndi hans, sem ég hirði ekki um að sinna. Við Íslendingar komumst ekki að neinni skynsamlegri niðurstöðu um framtíð lýðs og lands ef við höldum áfram að skiptast á skoðunum með svikabrigslyrðum eða slagorðum. Ég vil þó þakka Aðalsteini fyrir grein hans, því hún gefur tilefni til að skýra betur hvað fyrir mér vakti með skrifum mínum þann 1. desember.

Megin mál mitt var að draga þyrfti verulega úr ríkisútgjöldum. Við værum skuldug þjóð sem borgaði háa vexti. Búið væri að þenja tekjukerfi ríkisins til hins ýtrasta. Vegna hallareksturs yrði að lækka ríkisútgjöld. Ég lagði til að í stað þess að skera almennt niður í ríkiskerfinu skyldi kerfið skorið upp. Ef við héldum áfram að skera niður á öllum sviðum myndum við veikja kjarnastofnanir ríkisins svo umtalsvert að þær gætu ekki sinnt alvöru gæðaþjónustu fyrir þjóðina. Allar stofnanir og félagslegar tilfærslur yrðu vanmáttugar. Ég tók dæmi af Landspítalanum annars vegar, en vannýttri sjúkraþjónustu sums staðar úti á landi hins vegar. Það skipti þjóðina meira máli að byggja upp einn eða tvo góða háskóla en að halda tórunni í sjö misgóðum háskólum. Ég sagði að við hefðum engin efni á að reka sendiráð úti um allan heim og ættum hið snarasta að fækka þeim. Ég hefði getað haldið áfram bæði með fjölda alþingismanna, forsetaembættið og fleira en varð að takmarka lengd greinarinnar. Ég sagði að við þyrftum að forgangsraða í stað þess að útfletja niðurskurðinn. Í þessu fólst árásin á landsbyggðina.

Sjúkraþjónusta eða atvinnumál?

Ég tók sjúkradeildirnar úti á landi sem dæmi vegna þess að þrír heilbrigðisráðherrar höfðu lagt til að leggja þær niður vegna þess hve vannýttar þær væru en jafnframt dýrar í rekstri. Heilbrigðisyfirvöld hafa sagt að með bættum samgöngum myndi sjúkraþjónusta á þessum stöðum ekki versna, jafnvel batna því Landspítalinn eða FNA veittu vandaðri meðferð en sjúkradeildirnar. Það er langt síðan farið var að senda alla þá sem slasast eða veikjast alvarlega strax á fyrrgreind sjúkrahús. Vannýting þeirra er m.a. vegna þessa. Þessi breyting myndi því litlu breyta um sjúkraþjónustu landsbyggðarinnar. Það átti jafnframt að styrkja heilsugæsluna. Ég hygg að fagleg yfirvöld hafi ekki gert ráð fyrir því að með þessu væri verið „að rústa heilbrigðisþjónustuna“. Ég tók þessar deildir einnig sem dæmi vegna þeirrar heiftúðar sem fyrirhuguð lokun þeirra kallaði fram. Það mátti ekki leyfa að faglegt mat á þjóðhagslegu

> Eða snýst allt þetta fjaðrafok kannski um atvinnu í héraðinu en ekki um sjúkraþjónustu?

gildi sjúkradeildanna yrði lagt til grundvallar. Var það vegna þess að aðstandendur þessara staða óttuðust niðurstöðuna? Eða snýst allt þetta fjaðrafok kannski um atvinnu í héraðinu en ekki um sjúkraþjónustu? Ég hef sennilega misskilið þetta, haldið að verið væri að tala um sjúkraþjónustu en ekki atvinnumál? Auðvitað er það skiljanlegt að fólk vilji styrkja byggðarlög sín. Það gerist þó ekki til langframa með því að ríkið haldi uppi atvinnu á stöðunum.

Í nýlegri PISA-skýrslu kemur fram að nemendur sums staðar úti á landsbyggðinni haldi ekki í við jafnaldra sína á höfuðborgarsvæðinu. Við það er ekki hægt að una og á því verður að vinna bót. En hver skyldi vera ástæða þess? Getur það verið að svo fámenn þjóð geti ekki mannað kennslustöður allra þessara nýju framhaldsskóla og grípa þurfi til þess að láta lítt menntaða einstaklinga annast uppfræðslu? Gæti það verið að sums staðar fengju nemendur betri kennslu ef þeir væru sendir, eins og gert var með mig ungan, í þéttbýlið til framhaldsnáms? Það er þekkt fyrirbæri að öll gæði eru takmörkuð, einnig mannauður. Þess vegna ber okkur að nýta hann sem best hvar sem er á landinu. Ég er sannfærður um að ef framhaldsskólarnir yrðu fluttir til sveitarfélaganna yrðu þeir skipulagðir með mun skynsamlegri hætti en ríkið gerir nú, það hefur flutningur grunnskólanna sýnt.

Nýsköpun og ræktun frumkvöðla

Nýsköpun

Sigmundur Guðbjarnason
prófessor emeritus

Á liðnum árum og áratugum hafa Íslendingar af og til gert átak til að efla nýsköpun í atvinnulífinu og leitað ýmissa leiða í þeim tilgangi. Viðleitnin hefur verið mest á tímum aflabrests og efnahagslægða en með batnandi hag hefur áhuginn á nýsköpun farið þverrandi á ný. Eftir hrun síldarstofnanna 1967-1968 voru viðbrögð stjórnvalda þau að byggja upp kennslu í verkfræði og raunvísindum við Háskóla Íslands. Sú uppbygging var mjög árangursrík og skilaði sér í auknum fjölda verkfræðinga, líffræðinga, efnafræðinga, matvælafræðinga og fleiri sérfræðinga. Stjórnvöld ættu nú að styrkja enn frekar þessar undirstöðugreinar nýsköpunar og efla þannig sköpun nýrra atvinnutækifæra. Nú er og mun verða aukin þörf fyrir verkfræðinga og raunvísindamenn og fleiri fagmenn.

Nýsköpun og nýmæli í atvinnulífinu verða með ýmsum hætti og reynt hefur verið að skapa frjóan jarðveg fyrir ræktun slíkra hæfileika og nýrra hugmynda. Víða erlendis er markvisst unnið að því að rækta þá hæfileika sem styrkja frumkvæði einstaklinga og frumlega hugsun, áræðni og nýsköpun í atvinnulífinu. Nýsköpunin byrjar í skólum landsins og nærist á eldmóði kennara sem smitast yfir á nemendur. Það er vandaverk að halda slíkum eldmóði lifandi en slíkan eldmóð þarf á öllum skólastigum.

Vert er að vekja athygli á því sem vel hefur verið gert á þessum vettvangi og er mikilvægt að styðja það og styrkja og kynna betur.

1. Nýsköpunarkeppni grunnskóla hefur farið fram um árabil á vegum Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur. Uppfinningar þessara ungu keppenda hafa verið kynntar opinberlega og þóttu margar þessara hugmynda bráðsnjallar. Félag ungra uppfinningamanna var stofnað 1994. Slík keppni krefst kennara og stjórnenda sem hafa brennandi áhuga á viðfangsefninu. Þátttaka barna í slíku starfi hefur áhrif á hugsunarhátt þeirra, eykur frumkvæði og útsjónarsemi þeirra og hvetur þau til að leita leiða til að leysa vandann hverju sinni.

2. Hugmyndasamkeppni ungs fólks í vísindum og tækni eða Hugvísir er þáttur í vaxandi samvinnu atvinnulífs og skóla í Evrópu og eru þátttakendur á aldrinum 15-20 ára. Keppninni er ætlað að efla hæfileika til að leysa vandamál á nýstárlegan hátt og sýna eigið frumkvæði, markvisst vinnuferli og sjálfstæð vinnubrögð. Þessi keppni er hluti af mannauðsáætlun Evrópusambandsins og var Ísland virkur þátttakandi í þessu starfi.

3. Nýsköpunarsjóður námsmanna var stofnaður 1992 og áttu stúdentar allt frumkvæði í þessu efni. Hefur þessi sjóður veitt styrki í fjölmörg athyglisverð rannsókna- og nýsköpunarverkefni.

4. Rannsóknanámssjóður var stofnaður 1993 og er hlutverk hans að styrkja nemendur til frekari þjálfunar í vísindalegum vinnubrögðum, bæði á sviði grunnrannsókna og hagnýtra rannsókna. Slík þjálfun er mikilvægur þáttur í menntun til meistara- eða doktorsprófs, þar sem nemendur temja sér markviss og öguð vinnubrögð við úrlausn flókinna viðfangsefna. Sú reynsla og þjálfun nýtist vel í hinum margvíslegu störfum sem kandídatar takast á við, hvort heldur í heimi vísinda eða viðskipta.

5. Vísinda- og tækniráð er arftaki Rannsóknarráðs Íslands og veitir styrki úr nokkrum sjóðum, meðal annars Rannsóknasjóði (áður Vísindasjóði) og Tækniþróunarsjóði (áður Tæknisjóði).

Nýlega var haldið upp á 20 ára afmæli Tæknigarðs en Háskóli Íslands byggði tvo slíka tæknigarða í tilefni 75 ára afmælis Háskólans árið 1986. Tæknigarður var fyrsta nýsköpunarhreiðrið fyrir sprotafyrirtæki, hinn nýsköpunargarðurinn er Efna- og líftæknihúsið á Keldnaholti og er Orf líftækni þar starfandi. Tæknigarður hefur reynst mjög farsælt frumkvöðlasetur. Á síðari árum hefur Nýsköpunarmiðstöð Íslands skapað fleiri slík nýsköpunarhreiður sem veita sprotafyrirtækjum aðstöðu til rannsókna- og þróunarstarfa. Er sú starfsemi rekin af miklum krafti og framsýni.

Með þessum skrifum er vakin

> Við verðum að láta þekkinguna og hugmyndaflugið vinna fyrir okkur í auknum mæli.

athygli á þeirri jákvæðu þróun sem verið hefur og er ef til vill enn umfangsmeiri en hér hefur komið fram. Nú leitar eldra sem yngra fólk leiða til að búa sig enn betur undir líf í heimi harðnandi samkeppni. Mannauðurinn verður því aðeins uppspretta auðs að hæfileikar fólksins verði ræktaðir, styrktir og virkjaðir til verðugra verkefna. Samstarf atvinnulífs og skóla þarf sífellt að rækta því markmiðið er að auka samkeppnishæfni einstaklinganna, sem leiðir svo til aukinnar samkeppnishæfni þeirra fyrirtækja og stofnana þar sem þessir einstaklingar munu starfa.

Frumkvöðlar eru fólk á öllum aldri sem vill byggja upp eigin fyrirtæki og getur það verið á mjög ólíkum sviðum, ýmist lágtækni- eða hátæknifyrirtæki. Þeir sem leggja út í slík ævintýri verða að hafa dirfsku, framtakssemi og úthald því þeirra geta beðið erfiðir tímar í nokkuð mörg ár. Ef vel gengur uppskera menn ánægjuna af því að hafa skapað nýja starfsemi og nýjar afurðir sem markaður er fyrir. Reynsla frumkvöðla er eðlilega mjög misjöfn en síðustu ár hafa verið mörgum mjög erfið. Stuðningur við sprotafyrirtæki hefur yfirleitt verið mjög lítill, fjárfestar hafa í góðærinu viljað glíma við stærri verkefni sem skila skjótt miklum arði. Ef þessi nýsköpunarviðleitni á að skila því sem að er stefnt verður að styðja mun betur við uppbygginguna og markaðssetningu.

Við verðum að láta þekkinguna og hugmyndaflugið vinna fyrir okkur í auknum mæli og virkja allt í senn listir, vísindi og tækni til að auka samkeppnishæfni þjóðarinnar á öllum sviðum. Þetta er vert að hafa í huga við endurreisn Íslands.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

KULDA KAST!

VERÐ FYRIR NEÐAN FROSTMARK!

exquisit KGC-270/45

- Kælir 171 lítrar og frystir 41 lítrar
- Orkuflokkur A
- Sjálfvirk affrysting í kæli
- HxBxD: 143x544x58 cm
- Verð áður kr **74.900**

143 CM

ÞÚ SPARAR 20.000

Verð nú **54.900**

exquisit KGC330/100

- Kælir 144 lítrar og frystir 65 lítrar
- Orkuflokkur A+
- Sjálfvirk affrysting í kæli
- HxBxD: 161x55x58 cm
- Verð áður kr **94.900**

161 CM

Silfurlitaður

ÞÚ SPARAR 25.000

Verð nú **64.900**

exquisit KGC-300/70

- Kælir 205 lítrar og frystir 68 lítrar
- Orkuflokkur A+
- Sjálfvirk affrysting í kæli
- HxBxD 177x55x58 cm
- Verð áður kr **99.900**

177 CM

Silfurlitaður

ÞÚ SPARAR 25.000

Verð nú **74.900**

Electrolux ERB-34233X / ERB-34233W

- Kælir 223 lítrar og frystir 92 lítrar
- Orkuflokkur A+
- Fresh Zone kæliskúfa 2°C fyrir kjöt/fisk
- HxBxD: 175x59,5x63 cm
- Verð áður kr **149.900**

175 CM

Stál eða hvítur

ÞÚ SPARAR 35.000

Verð nú **114.900**

